

Skýrsla

Vegagerðarinnar
um framkvæmd samgönguáætlunar 2012
Vegáætlun

Október 2013

Útgefandi: Vegagerðin
október 2013
Ritstjóri: Rögnvaldur Gunnarsson
Uppsetning og aðstoð: Viktor Arnar Ingólfsson

Prentun: ODDI

Efnisyfirlit

4. VEGAFRAMKVÆMDIR	5
4.1. Fjármál	5
I ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN	5
4.1.1. TEKJUR OG FRAMLÖG	6
4.1.2. VIÐSKIPTAHREYFINGAR	8
II SKIPTING ÚTGJALDA	8
4.1.3. REKSTUR VEGAGERÐARINNAR	10
4.1.4. ÞJÓNUSTA, STYRKIR, RANNSÓKNIR OG VIÐHALD	13
4.1.4.1. Þjónusta	13
4.1.4.2. Styrkir til ferja og sérleyfishafa	17
4.1.4.3. Styrkir til almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu	18
4.1.4.5. Styrkir til innanlandsflugs	18
4.1.4.5. Rannsóknir	19
4.1.4.6. Viðhald	20
4.1.5. STOFNKOSTNAÐUR	28

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Skipting útgjalda	31
Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir, Suðursvæði	34
Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir, Suðvestursvæði	40
Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir, Norðvestursvæði	46
Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir, Norðaustursvæði	58
Fylgiskjal 3 Rekstur Vegagerðarinnar, ársreikningur 2012	68

4. VEGAFRAMKVÆMDIR

Skýrsla Vegagerðarinnar um framkvæmd vegáætlunar samgönguáætlunar 2012.

4.1 Fjármál

I ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

Samkvæmt fjárlögum 2012 var gert ráð fyrir mörkuðum tekjum að upphæð 15.360 m.kr. auk 10 m.kr. í tekjur af leyfisgjöldum. Í fjáráukalögum var þessi tekjuspá lækkuð um 395 m.kr. þannig að tekjuspáin hljóðaði upp á 14.965 m.kr. Raun innheimta reyndist hins vegar vera 15.105 m.kr. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að fyrirframráðstöfun markaðra tekna yrði 340 m.kr. en í reynd varð hún 1.340 m.kr.

Framlag úr ríkissjóði á árinu 2012 var alls 746,5 m.kr., 350 m.kr. til almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu, 239 m.kr. vegna styrkja til flugrekstrar, 82,5 m.kr. vegna aðgerða við Svadbælisá og 75 m.kr. vegna varnargarða við Markarfljót. Síðastnefndu tvær fjárveitingar tengjast eldgosinu í Eyjafjallajökli 2010.

	Fjár- lög m.kr.	Fjár- auka- lög m.kr.	Samtals fjár- veitingar m.kr.	Raun- tekjur m.kr.
4.1.1 Tekjur og framlög				
1.1. Markaðar tekjur				
1. Bensíngjald	7.910	-395	7.515	7.477
2. Pungaskattur, km-gjald	690		690	720
4. Olúgjald	6.750		6.750	6.893
5. Leyfisgjöld flutninga	4		4	7
6. Leyfisgjöld leigubifreiða	6		6	8
Markaðar tekjur alls	15.360	-395	14.965	15.105
1.2. Ríkisframlag	544	203	747	747
1.3. Framlög til jarðganga	0	0	0	0
Framlag úr ríkissjóði alls	544	203	747	747
Tekjur og framlög alls	15.904	-193	15.712	15.852
4.1.2 Viðskiptahreyfingar				
1. Afskriftir markaðra tekna	75	0	75	75
2. Fyrirfram ráðstöfun markaðra tekna . .	265	1.140	1.405	1.265
Viðskiptahreyfingar alls	340	1.140	1.480	1.340
Fjárlög og fjáráukalög samtals	16.244	948	17.192	17.192

4.1.1. TEKJUR OG FRAMLÖG

Bifreiðaeign

Samkvæmt tölum frá Samgöngustofu voru nýskráðar fólksbifreiðir 7.896 á árinu 2012. Á árinu 2011 voru nýskráðar 5.054 bifreiðir þannig að 56,2% aukning er á nýskráningum milli ára. Nýskráðar hópferðabifreiðir voru 68 á árinu 2012 á móti 31 árið áður og nýskráðar vöru- og sendiferðabifreiðir voru 540 á móti 390 árið áður. Nýskráð voru 127 mótörhjól en þau voru 122 árið áður.

Bifreiðaeign landsmanna er farin að aukast á ný. Í lok árs 2012 voru á skrá 242.492 bifreiðir, sem var u.þ.b. 1,8% fjölgun frá árinu áður. Segja má að endurnýjun bifreiðaflotans sé komin af stað eftir hrunið í bifreiðasölu 2009, en töluvert vantar samt uppá að endurnýjun bifreiðaflotans sé orðin eðlileg. Fólksbifreiðaeign á hverja 1.000 íbúa var 653 í loka árs 2012 en var árið áður 645.

	Bifreiða- eign 31.12.10	Nettó aukning í %	Bifreiða- eign 31.12.11	Nettó aukning í %	Bifreiða- eign 31.12.12
Fólksbifreiðir	204.736	0,67	206.112	1,92	210.070
Hópferðabifreiðir	1.916	2,92	1.972	5,68	2.084
Vöru- og sendibifreiðir	30.437	-0,75	30.209	0,43	30.338
Samtals:	237.089	0,51	238.293	1,76	242.492

Bensíngjald

Bensínsala árið 2012 nam 189,3 milljónum lítra og er það aukning um 4,3 milljónir lítra frá árinu á undan. Samkvæmt tölum frá Fjársýslunni voru innheimtar markaðar tekjur af bensíngjaldinu 7.477 m.kr. eða 347 m.kr. meiri en árið áður. Frávikið frá tekjuspá fjárlaga var 433 m.kr. Þrátt fyrir aukningu í bifreiðaflotanum fækkar bensínbifreiðum. Díselbifreiðum fjölga hins vegar svo og bifreiðum, sem nota aðra orkugjafa, en það má geta þess að bifreiðir, sem nota aðra orkugjafa en bensín eða díselolíu eru langflestar undanþegnar því að greiða fyrir afnot af vegakerfinu með tímabundnum undanþágum í lögum.

Bensíngjald var hækkað um 2,5% þann 1. janúar 2012 úr 38,55 kr./l í 39,51 kr./l. Í ársbyrjun kostaði líturinn af 95 oct. bensíni 238,40 kr. frá dælu á bensínstöð með fullri

Ár	Bensínsala m.l	Meðaleyðsla líttrar á bifreið	Verð á lítra 31.12.		Bensíngjald
			95 okt.	98 okt.	
2002	192,4	1.269	96,3	100,1	28,60
2003	194,0	1.259	99,9	104,6	28,60
2004	196,8	1.233	104,6	105,4	30,89
2005	200,3	1.196	113,3	118,9	30,89/32,95
2006	210,5	1.207	117,7	119,3	32,95
2007	219,1	1.220	137,9	140,5	32,95
2008	207,4	1.143	146,4	168,0	32,95
2009	208,5	1.168	193,2	193,2	37,07
2010	196,2	1.119	213,7	217,7	37,07
2011	185,0	1.062	238,4	242,4	38,55
2012	189,3	1.092	252,8	256,8	39,51

þjónustu. Verðið fór ört hækkandi og fór hæst í 274,40 kr./l í lok mars, en fór síðan lækkandi á ný og var verðið 252,80 kr./l í árslok. Hækkun milli áramóta var 6%. Meðalverð ársins var um 259 kr./l. Hærra eldsneytisverð hefur leitt til þess að hverri bifreið er ekið minna, heildarumferð hefur dregist saman svo og markaðar tekjur Vegagerðarinnar að raungildi.

Þungaskattur

Á árinu voru innheimtar tekjur af þungaskatti 720 m.kr. en tekjuspá fjárlaga hafði gert ráð fyrir 690 m.kr. Skatturinn er í formi km-gjalds, sem lagt er á akstur bifreiða, sem eru yfir 10 tonn að leyfðum heildarþunga og einnig á festi- og tengivagna. Á árinu 2012 var gjald fyrir bíl í léttasta flokki, þ.e. 10-11 tonn 0,28 kr./km. Gjaldið fer stig hækkandi og var hæsta gjald 12,68 kr./km í flokki bifreiða sem eru 31 tonn og yfir að leyfðum heildarþunga. Gjaldskrá þungaskatts var síðast hækkuð 1. janúar 2012.

Olúgjald

Innheimta tekna af olúgjaldi var 6.893 m.kr. á árinu 2012, sem er 143 m.kr. meira en gert var ráð fyrir í tekjuspá fjárlaga. Út frá innheimtutölum má reikna með að salan hafi numið 125,6 milljónum lítra á árinu 2012. Olúgjaldið er 54,88 kr./l og hefur verið það frá 1. janúar 2011.

Leyfisgjöld flutninga og leigubifreiða

Innheimt leyfisgjöld flutninga voru samtals 6,5 m.kr. á árinu 2012. Það er um 2,5 m.kr. meira en tekjuspá fjárlaga gerði ráð fyrir. Innheimt leyfisgjöld vegna leigubifreiða voru 7,5 m.kr. sem er 1,5 m.kr. meira en tekjuspáin gerði ráð fyrir. Heildartekjur voru því 14,0 m.kr. Leyfi til flutninga og aksturs leigubifreiða gilda í 5 ár og falla tekjur vegna endurnýjunar því misjafnt milli ára. Gjaldskrár leyfisgjalda hafa ekki hækkað frá setningu laganna árið 2001.

Ríkisframlag

Ríkisframlag til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu var 350 m.kr. og vegna styrkja til innanlandsflugs 239 m.kr. Önnur bein ríkisframlög voru 82,5 m.kr. á fjárukalögum vegna aðgerða við Svaðbælisá og 75 m.kr. vegna varnargarða við Markarfljót. Ríkisframlag á árinu 2012 var því alls 746,5 m.kr.

Framlög til jarðganga

Engin sérstök framlög voru til jarðganga á árinu 2012.

Fjárukalög

Samkvæmt fjárukalögum fyrir 2012 fékk Vegagerðin alls 947,5 m.kr. Þar af voru 420 m.kr. vegna halla á vetrarþjónustu. Í fjárukalögnum stendur að upphæðin sé 600 m.kr. en í rauninni var ætlast til að Vegagerðin legði sjálf til 180 m.kr. af liðnum „umdæmi og rekstrardeildir“, en það fjármagn var ekki til reiðu. Í fjárukalögum voru 325 m.kr. vegna reksturs Vestmannaeyjaferju, en vandamálin með Landeyjahöfn leiða til aukins kostnaðar við rekstur ferjunnar. Auk þess voru 45 m.kr. vegna innanlandsflugs, 82,5 m.kr. vegna aðgerða við Svaðbælisá og 75 m.kr. til varnargarða við Markarfljót. Tveir síðastnefndu liðirnir eru í tengslum við eldgosid í Eyjafjallajökli 2010.

4.1.2. VIÐSKIPTAHREYFINGAR

Á árinu var gert ráð fyrir 75 m.kr. gjaldaheimild vegna afskrifta af álögðum mörkuðum tekjum. Samkvæmt túlkun fjármálaráðuneytisins átti „fyrirfram ráðstöfun markaðra tekna“ á árinu að vera 340 m.kr. Reyndin varð 1.340 m.kr. Samkvæmt þessari túlkun skuldar Vegasjóður nú ríkissjóði 16.717 m.kr.


II SKIPTING ÚTGJALDA

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting fjárveitinga til Vegagerðarinnar á árinu 2012. Niðurstaða samþykkrar Vegáætlunar fyrir árið 2012 í samræmi við fjárlög var 16.244 m.kr. Á fjáruka-lögum bættust við alls 947,5 m.kr. Þar af voru 420 m.kr. vegna vetrarþjónustu, 325 m.kr. vegna rekstar Herjólfis, 45 m.kr til innanlandsflugs og 157,5 m.kr. til viðhalds (82,5 m.kr. vegna Svadbælisár og 75 m.kr. vegna varnargarða við Markarfljót).


Heildarfjárveiting ársins var því 17.191,5 m.kr.

	Vegáætlun og fjárlög 2012	Fjáruka- lög 2012	Fjárveiting 2012
4.1.3 Rekstur Vegagerðarinnar			
1.01 Almennur rekstur	484,0		484,0
1.02 Umsýslugjald	81,0		81,0
4.1.4 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald			
1.07 Þjónusta	3.010,0	420,0	3.430,0
Viðhald vegmerkinga	700,0		
Samningar við sveitarfélög	370,0		
Viðhaldssvæði	360,0		
Vetrarviðhald	1.580,0		
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	1.197,0	325,0	1.522,0
1.12 Styrkir til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu	350,0		350,0
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	194,0	45,0	239,0
1.21 Rannsóknir	123,0		123,0
5.10 Viðhald	4.629,0	157,5	4.786,5
Viðhald bundinna slitlaga	2.000,0		
Viðhald malarvega	700,0		
Styrkingar og endurbætur	760,0		
Veggöng	230,0		
Brýr og varnargarðar	350,0		
Umferðaröryggi	350,0		
Vatnaskemmdir	140,0		
Viðhald girðinga	60,0		
Frágangur gamalla efnisnáma	30,0		
Mínjar og saga	9,0		
4.1.5 Stofnkostnaður			
6.10 Stofnkostnaður/framkvæmdir			
Stofn- og tengivegakerfi	5.644,0		5.644,0
Almenn verkefni	5.119,0		
Tengivegir - bundið slitlag	500,0		
Jarðgöng	25,0		
Annað en stofn- og tengivegir	457,0		457,0
Héraðsvegir	80,0		
Landsvegir utan stofnvegakerfis	100,0		
Styrkvegir	50,0		
Reiðvegir	60,0		
Smábrýr	37,0		
Girðingar	60,0		
Ferjur	50,0		
Samgöngurannsóknir	20,0		
Afskrift markaðra tekna:	75,0		75,0
Samtals:	16.244,0	947,5	17.191,5

Í súluritinu hér að neðan kemur fram framlag til vegamála í m.kr. árin 2002 til 2012 á verðlagi ársins 2012.



Hér fyrir neðan má sjá framlag til vegamála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á árunum 2002-2012.



Verðlagsforsendur og afkoma 2012 og yfirlit yfir fjármagn til vegamála

Hækkun byggingarvísitölu milli ára 2011 og 2012 var 6,5%. Sala á bensíni og dieselolíu á bifreiðir fer nú hægt vaxandi, en gjaldskrár markaðra tekjustofna hafa ekki haldið verðgildi sínu undanfarin ár. Afleiðingin er skert innkoma og minnkandi kaupmáttur tekna af mörkuðum tekjustofnum. Bein ríkisframlög til vegagerðar eru einnig í algjöru lágmarki. Fjárveitingar til Vegagerðarinnar á árinu 2012 voru 17.192 m.kr. en voru 16.298,4 m.kr. á árinu 2011. Hækkunin milli ára var 5,5% og heldur því ekki í við verðlagsbreytingar. Að raunvirði hafa fjárveitingar til Vegagerðarinnar ekki verið lægri frá árunum í kringum 1990.

4.1.3. REKSTUR VEGAGERÐARINNAR

Fjárveiting til almenns rekstrar í fjárlögum 2012 var 484 m.kr. Starfsemi sem fellur undir þennan lið er yfirstjórn Vegagerðarinnar, framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Þá fellur undir þennan lið upplýsingaþjónusta, umferðareftirlit og leyfisveitingar. Þessi liður hefur verið skorinn mikið niður undanfarin ár, meir en góðu hófi gegnir. Þrátt fyrir miklar hagræðingar- og sparnaðaraðgerðir hjá stofnuninni er svo komið að þessi liður stendur með 46,4 m.kr. halla í árslok 2012.

Til rekstrar Vegagerðarinnar telst einnig innheimtukostnaður vegna markaðra tekna sem greiddur er til ríkissjóðs og er hann tekinn af mörkuðum tekjum. Samkvæmt fjárlögum 2012 er þessi kostnaður 81 m.kr.

Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 281 í lok árs 2012 í 278,6 stöðugildum en voru 288 árið 2011. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 2012 var 301 og 309 árið 2011. Heildarvinnuframlag á árinu 2012 reiknað í dagvinnustundum nam 350 mannaárum og hafði minnkað úr 366 frá árinu 2011. Launagreiðslur voru 1.932 m.kr. á árinu 2012 og launatengd gjöld 458 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir kjarasamningum og staðsetningu. Skipulagi Vegagerðarinnar og svæðamörkum var breytt 1. janúar 2013 og við það urðu nokkrar nokkrar tilfærslur á starfsmönnum.

	Reykja- vík	Suður- svæði	Vestur svæði	Norður svæði	Austur svæði	Samtals
Félag íslenskra náttúrufræðinga	5	0	0	3	0	8
Kjarafélag tæknifræðinga	15	5	6	4	3	33
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga .	7	0	1	0	0	8
Kjararáð	1	0	0	0	0	1
Samiðn	0	3	5	1	1	10
SFR stéttarfélag almannaþjónustu	36	8	20	12	2	78
Starfsgreinasamband Íslands	0	13	18	21	8	60
Stéttarfélag bókasafnsfræðinga	1	0	0	0	0	1
Stéttarfélag lögfræðinga	3	0	0	0	0	3
Stéttarfélag verkfræðinga	17	1	4	2	0	24
Fræðagarður	8	0	2	1	0	11
Verkstjórasamband Íslands	0	9	14	13	8	44
Fastir starfsmenn 1. janúar 2013	93	39	70	57	22	281
Fastir starfsmenn 1. janúar 2012						288
Fastir starfsmenn 1. janúar 2011						292
Fastir starfsmenn 1. janúar 2010						302
Fastir starfsmenn 1. janúar 2009						311
Fastir starfsmenn 1. janúar 2008						311
Fastir starfsmenn 1. janúar 2007						320
Fastir starfsmenn 1. janúar 2006						328
Fastir starfsmenn 1. janúar 2005						327
Fastir starfsmenn 1. janúar 2004						328
Fastir starfsmenn 1. janúar 2003						357
Fastir starfsmenn 1. janúar 2002						352

Yfirstjórn

Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og þrjú svið stofnunarinnar þ.e. framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Í yfirstjórn eru vegamálastjóri, aðstoðarvegamálastjóri og framkvæmdastjórar sviða.

Framkvæmdasvið skiptist í fimm deildir: brúadeild, framkvæmdadeild, jarðgangadeild, veghönnunardeild og þjónustudeild. Stjórnsýslusvið skiptist í fjórar deildir: fjárhagsdeild, lögfræðideild, rekstrardeild og starfsmannadeild.

Þróunarsvið skiptist í fimm deildir: áætlana- og umhverfisdeild, jarðfræðideild, rannsóknadeild, umferðardeild og upplýsingatæknideild.

Auk framangreinds heyrir undir þennan lið skrifstofa vegamálastjóra, almannatengsl, útgáfustarfsemi, árangurs- og eftirlitsdeild, gæðastjóri og innri endurskoðun. Eftirlauna-greiðslur til fyrrverandi starfsmanna teljast einnig til þessa liðar.

Upplýsingaþjónusta

Á þjónustudeild framkvæmdasviðs er séð um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar. Í umferðarþjónustu er rekin upplýsingamiðstöð fyrir vegfarendur, en miðlun upplýsinga um veður og færð er sífellt mikilvægari þáttur fyrir vegfarendur, og er þessari þjónustu stjórnað úr miðstöð í samvinnu við svæði Vegagerðarinnar. Í upplýsingamiðstöðinni er jafnframt safnað saman fjölbættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, áspunga, frost í jörð, veður og færð og er unnið að því að flest þessara mælitækja verði sjálfvirk og gefi upplýsingar strax til þeirra sem á þeim þurfa að halda.

Umferðareftirlit

Umferðareftirlit Vegagerðarinnar tilheyrir lögfræðideild stjórnsýslusviðs. Umferðareftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með stærð og þyngd ökutækja, hleðslu, frágangi og merkingu farms, aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og ökumæla og eftirlit tengt framkvæmd laga um fólks- og farmflutninga og laga um leigubifreiðir. Auk þess annast umferðareftirlit í umboði Ríkisskattstjóra framkvæmd eftirlits með notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu samkvæmt lögum um olúgjald og kílómetragjald.

Umferðareftirlit er staðsett á starfsstöðvum Vegagerðarinnar í Reykjavík og á Akureyri. Í árslok voru 8 starfsmenn við umferðareftirlitsstörf auk deildarstjóra sem er óbreyttur fjöldi frá fyrra ári. Til samanburðar voru eftirlitsmenn 11 talsins árið 2008 og 10 í árslok 2010. Deildarstjóri umferðareftirlits er staðsettur á Akureyri ásamt tveimur eftirlitsmönnum en aðrir eftirlitsmenn hafa bækistöð í Reykjavík.

Fjórar eftirlitsbifreiðir voru notaðar við eftirlit á vegum á árinu. Þar af voru þrjár bifreiðir gerðar út frá Reykjavík, ein frá Akureyri.

Eftirlit á vegum fer að jafnaði fram á þar til gerðum eftirlitsstöðum meðfram vegum þar sem ökutæki eru stöðvuð til eftirlits. Skráð afskipti á árinu voru 5.123 sem er 24% fækkun frá fyrra ári. Skýrslum fækkaði lítillega frá fyrra ári en hlutfall skýrslna í afskiptum hækkaði í 11% árið 2012 samanborið við 9% árið 2011. Þá voru í 853 tilvikum gerðar athugasemdir við ökumenn vegna ýmissa aðfinnsluverðra atriða án þess að kæruskýrsla væri skráð. Eftirlit á vegum felst einkum í vigtun ökutækja auk þess sem gerðar eru aðrar nauðsynlegar athuganir til að ganga úr skugga um að ástand ökutækja, hleðsla, frágangur og merking farms og að aksturs- og hvíldartími ökumanna sé í samræmi við reglur. Loks er kannað hvort ástæða sé til að ætla að um óheimila notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu sé að ræða og tekin olíusýni ef tilefni er til. Þá má nefna að höfð eru afskipti af rekstrar- og atvinnuleyfisskyldri starfsemi með þeim hætti sem rúmast innan ramma takmarkaðra eftirlitsheimilda en eftirlit er að meginhluta í höndum leyfisveitingadeildar og viðkomandi starfsgreinar. Eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna fer auk framangreinds fram með því að kallað er eftir upplýsingum um aksturs- og hvíldartíma frá flytjendum til skoðunar eða með heimsóknnum í starfsstöðvar. Eftirlit með notkun litaðrar gjaldfrjálsrar olíu er í ýmsu frábrugðið öðru eftirliti og kallar á aðrar aðferðir en hefðbundið eftirlit á vegum. Þar má nefna eftirlit við sölustaði og sérstakar eftirlitsferðir í samstarfi við ríkisskattstjóra til athugunar á því hvort meðferð og notkun litaðrar olíu sé í samræmi við reglur.

Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna

Vegagerðin greiðir innheimtukostnað vegna markaðra tekna til ríkissjóðs af mörkuðum tekjum og telst það til útgjalda hennar. Innheimtukostnaður samkvæmt fjárlögum var 81 m.kr. á árinu 2012.


4.1.4. ÞJÓNUSTA, STYRKIR, RANNSÓKNIR OG VIÐHALD

Samkvæmt fjárlögum voru fjárveitingar til þjónustu vegakerfisins 3.010 m.kr., styrkir til ferja og sérleyfishafa 1.197 m.kr., styrkir til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess 350 m.kr. styrkir til innanlandsflugs 194 m.kr., fjárveitingar til rannsókna 123 m.kr. og til viðhalds vegakerfisins 4.629 m.kr. Í fjárukalögum fyrir árið 2012 var veitt 325 m.kr vegna rekstrar Herjólfis, 45 m.kr. í styrki til innanlandsflugs, 420 m.kr. til vetrarþjónustu, 82,5 m.kr. vegna lagfæringa á skemmdum vegna eldgossins í Eyjafjallajökli 2010 og 75 m.kr. til styrkinga á varnargörðum við Markarfljót. Samtals voru fjárveitingar til þessara liða 10.450,5 m.kr.

4.1.4.1 Þjónusta

Fjárveiting til þjónustu stofn- tengi- og héraðsvega á fjárlögum og fjárukalögum árið 2012 var 3.430 m.kr. Verkefni í þjónustu skiptist á árinu 2012 í fjóra meginflokkka, viðhald vegmerkinga, samninga við sveitarfélög, viðhaldssvæði og vetrarviðhald. Heildarkostnaður við þjónustu vega var 4.035 m.kr. á árinu 2012. Uppsafnaður halli á þjónustu vegakerfisins var 1.297 m.kr. í árslok 2012. Hér er fjallað sérstaklega um almenna þjónustu, þ.e. viðhald vegmerkinga, samninga við sveitarfélög og viðhaldssvæði og sérstaklega um vetrarviðhald.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárheimilda til almennrar þjónustu á árunum 2002-2012. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2012. Athygli er vakin á því að frá árinu 2008 eru fjárheimildir við vegheflun og rykbindingu malarvega taldar með fjárheimildum til endurnýjunar malarlitlaga undir viðhaldsliðnum viðhald malarvega, og frá árinu 2011 eru fjárheimildir til vegganga taldar með viðhaldsliðnum veggöng.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður við almenna þjónustu skiptist milli hinna einstöku flokka þjónustunnar og milli svæða Vegagerðarinnar á árinu 2012.


Svæði/útgjaldaliður	Sam- eigin- legt m.kr.	Suður- svæði m.kr.	Suð- vestur- svæði m.kr.	Norð- vestur- svæði m.kr.	Norð- austur- svæði m.kr.	Sam- tals m.kr.
Viðhald vegmerkinga	59	154	377	187	164	941
Samningar við sveitarfélög*	0	17	101	47	51	216
Viðhaldssvæði	14	76	144	135	136	505
Samtals	73	247	622	369	351	1.662

* Vegagerðin hefur samið við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlisstaða. Frá árinu 2011 hefur Vegagerðin tekið yfir þá þjónustu á ýmsum stöðum og gert breytingar á samningum.

Viðhald vegmerkinga

Fjárveitingu til vegmerkinga var varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingu, endurnýjun og viðhald á kantstikum, vegriðum og umferðarmerkjum. Kostnaður vegna viðhalds vegmerkinga var 941 m.kr á árinu 2012.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við almenna þjónustu á árunum 2002-2012. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2012. Athygli er vakin á því að frá árinu 2008 er kostnaður við vegheflun og rykbindingu malarvega talinn með kostnaði við endurnýjun malarlitlaga undir viðhaldsliðnum viðhald malarvega, og frá árinu 2011 kostnaður vegna vegganga taldar með viðhaldsliðnum veggöng.



Samningar við sveitarfélög

Fjárveitingu til þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þjóðvegum í þéttbýli. Samkvæmt 14. grein vegalaga, nr. 80/2007, er vegamála-stjóra heimilt að fela öðrum veghald einstakra vegarkafla þjóðvega að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra. Frá árinu 2011 hefur Vegagerðin yfirtekið þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis á nokkrum stöðum auk þess sem gerðar hafa verið breytingar á öðrum samningum. Vegagerðin annast sjálf þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var 216 m.kr. á árinu 2012.

Viðhaldssvæði

Fjárveitingu var varið til að greiða kostnað við umsjónar- og eftirlitsvinnu með vegamannvirkjum, eftirlit með áspunga bifreiða, merkingar vegna vegaskemmda og takmarkana á áspunga, hreinsun vegsvæða, viðgerðir á skemmdum vegna úrrennslis, afvötnun vega og sérstök verkefni. Kostnaður vegna þessara verkefna var 505 m.kr. á árinu 2012.

Vetrarviðhald


Fjárveitingum til vetrarviðhalds er ætlað að greiða allan kostnað við snjómokstur og hálkuvarnir á vegakerfinu í samræmi við gildandi snjómokstursreglur. Innifalið í þeim kostnaði er einnig stjórnun og stýring vetrarþjónustunnar, uppsetning og rekstur mælitækja og upplýsingabúnaðar um færð á vegakerfinu og ástand vega að vetri til. Kostnaður við vetrarviðhald var um 2.373 m.kr. á árinu 2012.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður við vetrarviðhald á árinu 2012 skiptist milli svæða Vegagerðarinnar.


Svæði/útgjaldaliður	Sam- eigin- legt m.kr.	Suður- svæði m.kr.	Suð- vestur- svæði m.kr.	Norð- vestur- svæði m.kr.	Norð- austur- svæði m.kr.	Sam- tals m.kr.
Vetrarviðhald	150	249	448	806	720	2.373

Á undanförunum árum hefur þjónusta á vegakerfinu að vetri til stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjómokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum. Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarviðhald er aftur á móti mjög háður veðurfari. Vegna minni fjárheimilda á árinu 2010 var dregið nokkuð úr þjónustu á hluta vegakerfisins, auk þess sem stjórnun og skipulag þjónustunnar var endurskoðuð. Árið 2012 var mjög erfitt hvað varðar vetrarviðhald. Veturinn lagðist snemma að, sérstaklega á Norðurlandi og Austurlandi og hófst vetrarþjónusta með fyrra móti í september. Kostnaður í desember einum varð um 616 m.kr. Heildarkostnaður við vetrarviðhald varð því mun meiri en áætlað hafði verið.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárheimilda til vetrarviðhalds á árunum 2002-2012. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2012.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við vetrarviðhald á árunum 2002-2012. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2012.



Í töflunni hér að neðan má sjá kostnað við vetrarviðhald á nokkrum vegarköflum á árinu 2012.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostnaður á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík-Hveragerði og Prengslavegur	48	96,2	2.005
Holtavörðuheidi	37	23,0	621
Fróðárheiði	14	12,8	914
Steingrímsfjarðarheiði	47	23,6	502
Siglufjarðarvegur: Ketilás-Siglufjörður	25	12,1	483
Öxnadalsheiði	25	17,3	690
Dalvík-Ólafsfjörður	18	9,0	498
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	146	35,0	240
Vopnafjarðarheiði	51	10,6	207
Fjarðarheiði	24	27,0	1.126
Oddsskarð	23	22,2	966
Vegið meðaltal			630

4.1.4.2 Styrkir til ferja og sérleyfishafa

Fjarveiting til ferja og sérleyfishafa var 1.522 m.kr. Þar með er talin 325 m.kr. aukafjarveiting vegna aukins kostnaðar við rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfis. Hallinn á þessum lið í byrjun árs var 273,6 m.kr. Heildarkostnaður á árinu 2012 var 1.517 m.kr. Hallinn á þessum lið færir því svo til óbreyttur milli ára. Enn eru vandamál með nýtingu Landeyjahafnar og nýr Herjólfur hefur ekki litið dagsins ljós. Uppi eru áform um smíði nýrrar ferju og einnig um endurbætur á höfninni. Ekki liggur fyrir niðurstaða í þeim efnum. Á meðan þarf að sigla bæði til Landeyjahafnar og Þorlákshafnar eftir aðstæðum, sem leiðir til u.þ.b. 300 m.kr. kostnaðarauka á ári.

Ferjur

Heildarkostnaður á árinu var 1.197,1 m.kr. Á árinu 2012 styrkti ríkið eftirfarandi ferjuleiðir og flutninga:

Kostnaður við ferjur 2012

Ferjuleið	Rekstrarstyrkur m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Vestmannaeyjaferja, Herjólfur	695,7	71,2	766,9
Breiðafjarðarferja, Baldur	147,4	0,1	147,5
Hríseyjarferja, Sævar	73,4	16,1	89,5
Grimseyjarferja, Sæfari	119,9	58,2	178,1
Mjóafjarðarferja	10,6	0,3	10,9
Norðurfjarðarflutningar	1,0	0,0	1,0
Sameiginlegt	0,0	3,2	3,2
Samtals	1.048,0	149,1	1.197,1

Sérleyfi á landi

Heildarkostnaður á árinu var 319,9 m.kr. Undir þennan lið falla allir styrkir til sérleyfa á landi. Alls er ekið á um 40 sérleyfisleiðum. Unnið hefur verið að því að breyta fyrirkomulagi á sérleyfisakstri einkum með þátttöku sveitarfélaga. Nokkur hagræðing hefur orðið af þessum breytingum.

4.1.4.3 Styrkir til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu

Fjárveiting í fjárlögum 2012 var 350 m.kr. Áformað er að á næstu 10 árum skuli byggja upp almenningsamgöngur á Höfuðborgarsvæðinu og tengingar við það. Verja skal hluta af kolefnisgjaldi til að fjármagna þessa uppbyggingu. Gerðir hafa verið samningar við viðkomandi sveitarfélög og samtök þeirra um þessi mál.

4.1.4.4 Styrkir til innanlandsflugs

Fjárveiting í fjárlögum 2012 var 194 m.kr. Á fjáraukalögum bættust síðan við 45 m.kr. Heildarútgjöld á árinu voru 265,8 m.kr. Halli á þessum fjárlagalið í árslok 2012 var 57,2 m.kr. Áætlunarflug til sex áfangastaða var styrkt á árinu 2012. Um er að ræða flug frá Reykjavík til Bíldudals, Gjögers og Hornafjarðar og flug frá Akureyri til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar.

4.1.4.5 Rannsóknir

Samkvæmt 23. grein vegaglaga skal að minnsta kosti einum og hálfum hundraðshluta af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar varið til rannsókna og þróunar við vegagerð undir stjórn Vegagerðarinnar. Árið 2012 var fjárveitingin 123 m.kr., sem er um 4 m.kr. minna en endanleg fjárveiting 2011. Markaðar tekjur Vegagerðarinnar árið 2012 voru hins vegar um 15,1 milljarður króna, þannig að ef lagabókstafnum hefði verið fylgt hefði fjárveitingin átt að vera um 226 m.kr., mismunur er 103 m.kr.

Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu 2012 og dæmi um verkefni undir þeim:

Mannvirki

Áhrif þungatakmargana og samfélagslegur kostnaður
 Ástand spennikapla í steiptum brúm
 Ástandsvöktun brúa
 Breytt (modifiserað) bindiefni í klæðingar, heimildakönnun og prófanir
 Eignastýring vegakerfisins – greining áhrifa og ávinnings
 Evrópustaðlar, CEN/TC 154 og CEN/TC 227
 Fjaðurstuðull steinsteypu
 Gerð og útgáfa þjóðarviðauka vegna framleiðslu malbiks og steinefna
 Greining á holrýmd og glerfasa basalt fylliefna með þrívíðarsneiðmyndataeki
 Innleiðing á gæðastýringaráætlunum hjá Vegagerðinni
 Kaldblandað malbik úr 100% endurunnu malbiki
 Klæðingar, rannsóknir og þróun á prófunaradferðum
 Kröfur til rýrnunar í íslenskri steinsteypu
 Leiðbeiningar fyrir framkvæmd og eftirlit með sementsfestun
 Leiðbeiningar um efnisrannsóknir og efniskröfur
 Leiðbeiningar um steinefnavinnslu - handbók
 Leiðbeiningar við klæðingaviðgerðir
 Loftkerfi steinsteypu, sjálfvirk talning - forathugun
 Mat á flóðatíðni á ómældum vatnasviðum með notkun tölfræðilegra aðferða
 og vatnafræðilíkans

Mat á niðurbrotsmódeli
 Mismunandi gerðir bergbolta í jarðgöngum og ryðvörn bolta
 Námur - Efnistaka og frágangur
 Notkun koltrefja í sementsbundnum efnum
 Núllsýn bifhjólamanna
 Próf á malbiki með endurunnu biki.
 Samsetning svifryks í Reykjavík
 Veggirðingar. Leiðbeiningar og vinnulýsingar
 Polhönnun vega á norðurslóðum

Umferð

Bættar spár með umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins
 Fleytitíð
 Hálkuspár og hálkumyndun á vegum
 Hönnun stofnbrauta í borgarumhverfi og þéttri byggð.
 Miðlun upplýsinga til vegfarenda um bílútlarp
 Miklabraut: Áhrif lækunar hámarks hraða á flutningsgetu, ferðatíma,
 slysatíðni, hljóðvist og önnur umhverfisáhrif.
 Réttur og umferðaröryggi gangandi vegfarenda á gönguþverunum
 Seltu-, raka, og hitamælingar fyrir hálkuvarnir á vegum
 Umferð á hættu- og neyðartímum
 Öryggi farþega í hópferðabílum

Umhverfi

Áhrif sjávar á ísbráðnun í Jökulsárlóni.
 Frærækt innlendra plöntutegunda til uppgræðslu
 Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli
 Hagkvæmni og umhverfisávinningur metanvinnslu á landsbyggðinni
 Mælingar á yfirborði og yfirborðsbreytingum íslenskra jökla með leysimælingum
 Nýting svarðlags við uppgræðslu námusvæða
 Sigkatlar í Kötlu – íssjarmælingar
 Snjókort af Íslandi og skafrenningsspár
 Umhverfislegur ávinningur af almenningsgöngum á Vesturlandi
 Umhverfisvænt sementslaust steinlím úr eldfjallaösku
 Vistferilsgreining fyrir veg með bundnu slitlagi - seinni hluti
 Öryggi vatnasvæða í nágrenni vega. Aðgerðir og viðbrögð til að vernda vatnasvæði
 og lágmarka mengunarhættu

Samfélag

Ferðalangar milli lands og Eyja
 Ferðavenjur veturinn 2011 - 2012
 Handbók um Skaftárhlaup - Viðbragðsáætlun
 Heildaráhrif þess að skipta út olíu í samgöngum með innlendu rafmagni og vetni
 Samgöngubætur og byggðaþróun: Félagsleg, efnahagsleg og menningarleg
 áhrif Héðinsfjarðarganga á mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga.
 Samspil umferðarmengunar og mismunandi búsetu á Stór-Reykjavíkursvæðinu
 Sögukort samgangna á Íslandi
 Tölvustýrt matstæki fyrir mat á ökuhæfni: Expert System Traffic.

Í rannsóknastefnu Vegagerðarinnar, sem var lögð fram seint á árinu 2006, var lögð meiri áhersla en áður á verkefni sem Vegagerðin skilgreinir sjálf og fær sérfræðinga til að vinna. Áfram er þó einnig gert ráð fyrir að aðilar utan stofnunarinnar geti sótt um fjárveitingar og styrki til afmarkaðra verkefna sem þeir skilgreina sjálfir. Þrjár fagnefndir voru stofnaðar á árinu 2007 um verkefnaflokkana, ein um mannvirki, önnur um umferð og sú þriðja um umhverfi og samfélag. Nefndirnar eru skipaðar starfsmönnum Vegagerðarinnar. Nefndirnar lögðu fram áherslusvið, sem voru auglýst og miðað var við þau þegar úthlutað var úr rannsóknasjóðnum árið 2012. Gert er ráð fyrir að rannsóknastefnan verði tekin til endurskoðunar á árinu 2013, m.a. með tilliti til sameiningar stofnana.

Árið 2012 voru umsóknir til rannsóknasjóðs 160 talsins og sótt var um samtals 399 m.kr. Þetta eru færri umsóknir en 2011 (þá voru þær 189). Heildarupphæð umsókna er þó hærri (var 372 milljónir 2011), en það skýrist að hluta af því að tvær umsóknir um mjög háar upphæðir (samtals 63 milljónir) bárust 2012. En, eins og áður segir hafði sjóðurinn hins vegar 123 m.kr. til ráðstöfunar. Því þurfti að hafna mörgum áhugaverðum verkefnaumsóknum og í mörgum tilvikum var fjárveiting lægri en heildarupphæð umsóknarinnar.

4.1.4.6 Viðhald

Fjárveiting á fjárlögum til viðhalds stofn-, tengi- og héraðsvega á árinu 2012 var 4.629 m.kr. Auk þess var af fjárukaalögum 2012 veitt 82,5 m.kr. til viðgerða og endurbóta á vegum og varnargörðum vegna eldgoss í Eyjafjallajökli 2010 og 75 m.kr. til styrkinga á varnargörðum við Markarfljót. Fjárveiting til viðhalds þjóðvega var því alls 4.786,5 m.kr. á árinu 2012. Verkefni viðhaldsins skiptist í tíu meginflokka, viðhald bundinna slitlaga, viðhald malarvega, styrkingar og endurbætur, brýr og varnargarðar, umferðaröryggi, veggöng, vatnaskemmdir, viðhald girðinga, frágangur gamalla efnisnáma og minjar og saga. Heildarkostnaður við viðhald vega var 4.521 m.kr. á árinu 2012, þar af um 52 m.kr. vegna afleiðinga eldgoss í Eyjafjallajökli á árinu 2010.

Viðhald þjóðvegakerfisins innifelur það að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla gildandi reglur um burðarþol og vegbreiddir.

Heildarlengd stofn- og tengivega var 7.400 km í árslok 2012, og var áætluð umferð á þeim árið 2012 um 1.938 milljónir ekinna km. Auk þess eru skilgreindir stofnvegir um hálendi 503 km.


Samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun á árinu 2012. Í vegaskrá er heildarlengd þjóðvega 12.936 km. Auk þess eru um 55 km innan þéttbýlis sem samkvæmt vegalögum ættu að teljast sveitarfélagavegir, en ekki hefur náðst samkomulag um skil á og á meðan sér Vegagerðin um viðhald þeirra. Samtals er það vegakerfi sem Vegagerðin annast viðhald á því 12.991 km.

Svæði/vegflokkur	Suður- svæði m.kr.	Suð- vestur- svæði m.kr.	Norð- vestur- svæði m.kr.	Norð- austur- svæði m.kr.	Sam- tals m.kr.	Hlut- fall m.kr.
Stofnvegir	1.253	283	1.944	1.492	4.972	38,3
Tengivegir	603	205	1.320	857	2.985	22,9
Héraðsvegir	843	77	1.322	861	3.103	23,9
Landsvegir	594	24	459	854	1.931	14,9
Samtals	3.293	589	5.045	4.064	12.991	100,0


Í töflunni hér að neðan er sýnt hlutfall vega með bundnu slitlagi eftir vegflokkum og svæðum Vegagerðarinnar.

Svæði/vegflokkur	Suður- svæði	Suð- vestur- svæði	Norð- vestur- svæði	Norð- austur- svæði	Sam- tals
	%	%	%	%	%
Stofnvegir.....	78,1	98,6	80,1	80,2	80,7
Tengivegir.....	43,4	70,7	12,4	33,0	28,6
Héraðsvegir.....	22,2	23,4	8,9	11,0	13,4
Landsvegir.....	0,2	0,0	0,2	8,1	3,7
Samtals.....	43,4	75,0	36,5	40,5	41,2

Í árslok 2012 voru vegir með bundnu slitlagi 5.354 km og heildarflatarmál bundinna slitlaga um 35 milljónir m².




Á myndinni hér að neðan er sýnd þróun aksturs á stofn- og tengivegum frá árinu 1995. Á árinu 2012 var áætluð umferð á stofn- og tengivegum 1.938 milljónir ekinna km.




Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 2012 skiptist milli hinna einstöku flokka viðhalds og milli svæða Vegagerðarinnar.

Svæði/útgjaldaliður	Sam- eigin- legt m.kr.	Suður- svæði m.kr.	Suð- vestur- svæði m.kr.	Norð- vestur- svæði m.kr.	Norð- austur- svæði m.kr.	Sam- tals svæði m.kr.
Viðhald bundina slitlaga	48	341	560	633	425	2.007
Viðhald malarvega	0	94	24	391	221	730
Styrkingar og endurbætur	26	247	35	167	157	632
Brýr og varnargarðar	33	11	15	177	88	324
Umferðaröryggi	126	75	23	72	66	362
Veggöng	0	0	0	155	86	241
Vatnaskemmdir	2	16	0	30	21	69
Vegna eldgoss í Eyjafjallajökli	0	52	0	0	0	52
Viðhald girðinga	0	11	1	49	18	79
Frágangur gamalla efnisnáma	2	8	1	8	5	24
Minjar og saga	1	0	0	0	0	1
Samtals	238	855	659	1.682	1.087	4.521

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds stofn-, tengi- og héraðsvega á árunum 2002-2012. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2012.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn-, tengi- og héraðsvega á árunum 2002-2012. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2012.



Viðhald bundinna slitlaga

Fjárveiting til viðhalds bundinna slitlaga er notuð til yfirlagna bundinna slitlaga og viðgerða á tilfallandi skemmdum. Á árinu 2012 voru yfirlagðir 2.019 þús. m² af bundnu slitlaga og samsvarar það um 5,7 % af heildarflatarmáli bundinna slitlaga eða um 310 km af 6,5 m breiðu slitlaga. Tæp 90% yfirlagna eru klæðingar, en malbik er einungis notað á umferðarmestu vegina og í þéttbýli. Kostnaður við viðhald bundinna slitlaga á árinu 2012 var 2.007 m.kr. Yfirlagnir hafa á undanförunum árum verið 7-8% af heildarflatarmáli bundinna slitlaga, sem samsvarar því að vegir hafa verið yfirlagðir á um 12-14 ára fresti. Fjárveitingar til viðhalds bundinna slitlaga hafa aukist að krónutölu, en halda hvergi nærri í við verð á asfalti sem hefur tífaldast á síðastliðnum 12 árum. Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og svæði Vegagerðarinnar eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Lengd í km er reiknuð miðað við 6,5 m breitt slitlag.

Svæði	klæðing		malbik		alls	
	km	þús. m ²	km	þús. m ²	km	þús. m ²
Suðursvæði	96,9	630	6,4	42	103,3	672
Suðvestursvæði	9,7	63	22,1	144	31,8	207
Norðvestursvæði	105,3	685	6,0	39	111,3	724
Norðaustursvæði	62,9	409	1,0	7	63,9	416
Samtals	274,8	1.787	35,6	232	310,3	2.019

Viðhald malarvega

Fjárveiting til viðhalds malarvega er notuð til endurnýjunar og viðgerða malarslitlaga, heflunar og rykbindingar. Lagt var og endurbætt malarslitlag á 505 km af malarvegum. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum. Kostnaður við viðhald malarvega á árinu 2012 var 730 m.kr.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig endurnýjun malarslitlaga skiptist í unnið og óunnið efni og á milli svæða Vegagerðarinnar.

Svæði	óunnið efni		unnið efni		mölburður alls	
	km	m ³	km	m ³	km	m ³
Suðursvæði	8	5.750	5	1.800	13	7.550
Suðvestursvæði	4	1.400	14	2.300	18	3.700
Norðvestursvæði	0	0	233	31.827	233	31.827
Norðaustursvæði	50	4.218	191	15.158	241	19.376
Samtals	62	11.368	433	51.085	505	62.453

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 2012 var eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Svæði	Fyrir malar slitlög m ³	Fyrir bundin slitlög m ³	Fyrir burðarlög m ³	Samtals m ³
Suðursvæði	11.400	18.500	22.800	52.700
Suðvestursvæði	0	0	0	0
Norðvestursvæði	31.644	19.511	2.000	53.155
Norðaustursvæði	7.679	9.794	3.456	20.929
Samtals	50.723	47.805	28.256	126.784

Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina til notkunar við viðhald vega. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið.

Styrkingar og endurbætur

Fjárveitingum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Stærsti hluti fjármagns fer til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er yfir 90% af umferð á stofn- og tengivegum. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980-1990 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbætur á þeim. Nokkru fjármagni er einnig varið til styrkingar og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingu vega á árinu 2012. Kostnaður við styrkingar og endurbætur vega á árinu 2012 var 632 m.kr.

Svæði	Vegir með bundnu slitlagi				Malarvegir		Styrkingar alls	
	Burðarlag með mól		Bundið burðarlag		km	m ³	km	m ³
	km	m ³	km	m ³	km	m ³	km	m ³
Suðursvæði	1,5	3.450	0,0	0	0,0	0	1,5	3.450
Suðvestursvæði	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0
Norðvestursvæði	1,0	1.110	0,0	0	7,1	4.265	8,1	5.375
Norðaustursvæði	3,6	3.644	0,0	0	0,0	0	3,6	3.644
Samtals	6,1	8.204	0,0	0	7,1	4.265	13,2	12.469

Brýr og varnargarðar

Fjárveiting var notuð til viðhalds og reksturs brúa og varnargarða á öllum þjóðvegum. Brýr á þjóðvegum eru um 1.200 og er meðalaldur þeirra rúm 37 ár. Unnið var við 40 smá og stór verkefni í viðhaldi brúa og varnargarða víðs vegar um landið. Um 4 m.kr. var varið til lagfæringa og endurbóta á varnargörðum og um 30 m.kr. til endurbýggingar á brúm, 25 m.kr. til endurbóta á vegriðum á og við brýr til að auka umferðaröryggi á einbreiðum brúm. Mestu fé var varið til viðgerða á eldri brúm eða 212 m.kr., þar af 61 m.kr. til viðgerða á timburgólfum og um 152 m.kr. til viðgerða á steiptum brúm. Stærsta einstaka verkefnið í viðhaldi steyptra brúa er endurnýjun á slitgólfi Borgarfjarðarbrúar og verður unnið að því verkefni á næstu árum. Stærstu verkefnið varðandi viðhald timburgólfa er viðhald brúnna á Skeiðarársandi og verður einnig unnið að þeim verkefnum á næstu árum. Um 6 m.kr. var varið til hreinsunar og smáviðgerða á brúm. Samkvæmt lögum eru brýr lengri en 50 m tryggðar hjá Viðlagatryggingu Íslands og er iðgjald viðlagatryggingar greitt af þessum lið. Vegagerðin tekur einnig þátt í rekstri nokkurra vatnshæðarmæla sem Veðurstofa Íslands rekur til að fylgjast með rennsli vatnsfalla og flóðum. Einnig er greiddur kostnaður við burðarþolsútreikninga á brúm vegna þungaundarþága. Á fjárákalogum 2012 var 75 m.kr. fjárveiting til styrkinga og endurbóta á varnargörðum við Markarfljót. Það verkefni var boðið út í desember 2012 og framkvæmdir hófust því ekki á árinu. Kostnaður við viðhald brúa og varnargarða á árinu 2011 var alls 324 m.kr.

Umferðaröryggi

Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og útrýma svartblettum á ríflega 50 stöðum á vegakerfinu og nam kostnaður við það um 222 m.kr. Auk þess var unnið við lagfæringar á umhverfi vega á allmörgum stöðum og var kostnaður við það verkefni um 13 m.kr.

Í samræmi við umferðaröryggisáætlun sáu Umferðarstofa og Ríkislögreglustjóri um hluta af framkvæmd umferðaröryggisáætlunar sem greiddist af Vegagerðinni. Samkvæmt samkomulagi greiddi Vegagerðin Umferðarstofu 36,4 m.kr. og lögregluumdæmum 33,3 m.kr. vegna umferðareftirlits og 14,1 m.kr. vegna úrvinnslu hraðamælinga á árinu 2012. Til kaupa á og reksturs á sjálfvirkum hraðamyndavélum og öðrum tækjabúnaði var varið 32,9 m.kr. Heildarkostnaður við liðinn umferðaröryggi á árinu 2012 var rúmar 362 m.kr.

Veggöng

Fjárveitingu til vegganga var varið til reksturs og viðhalds jarðganga, þ.m.t. kostnað við eftirlit og rekstur og viðhald á upplýsinga- og öryggiskerfum þeirra, raflýsingu, þrif og hreinsun, ásamt eðlilegu viðhaldi og endurbótum á búnaði. Jarðgöng sem falla undir þennan kostnaðarlið eru um 37,6 km. Kostnaður vegna viðhalds og reksturs jarðganga var um 241 m.kr. á árinu 2012, þar af voru um 79 m.kr. kostnaður við rekstur ganganna og 162 m.kr. vegna viðhalds og endurbóta. Unnið er að endurbótum á eldri jarðgöngum í samræmi við reglugerð 992/2007 um öryggiskröfur fyrir jarðgöng. Samkvæmt reglugerðinni á því verkefni að vera lokið fyrir 30. apríl 2014. Áætlaður heildarkostnaður við endurbætur eldri jarðganga er um 600 m.kr. Endurbætur á öryggiskerfi eldri jarðganga snúa fyrst og fremst að neyðar- öryggis- og upplýsingabúnaði sem þarf að vera til staðar svo sem neyðarsímum, slökkvitækjum, GSM og TETRA sambandi, öryggismyndavélum ásamt tölvubúnaði. Á árinu 2011 fékkst 120 m.kr. fjárheimild af fjárveitingum til stofnkostnaðar til endurbóta á búnaði jarðganga undir Breiðadals- og Botnsheiði, auk þess sem lagðar voru til um 29 m.kr. af viðhaldsfé. Einnig var unnið að endurbótum á búnaði Fáskrúðsfjarðarganga og var kostnaður við það á árinu 2011 um 25 m.kr., en því verki er ekki lokið. Á árinu 2012 fékkst engin fjárveiting af stofnkostnaði til þessa verkefnis og var það alfarið fjármagnað af viðhaldi og nam kostnaður um 162 m.kr. Lokið var við endurbætur á Breiðadals- og Botnsheiðargöngum og unnið áfram við endurbætur á Fáskrúðsfjarðargöngum.

Vatnaskemmdir

Fjárveitingin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara. Hvergi var um að ræða stórúföll á árinu 2012 en víða um smærri skemmdir að ræða vegna flóða, ágangs vatnsfalla og sjávarrofs.

Heildarkostnaður vegna skemmda á vegakerfinu á árinu 2012 var um 69 m.kr.

Eldgos í Eyjafjallajökli

Verulegar skemmdir urðu á vegum og varnargörðum vegna vatns- og eðjuflóða í kjölfar eldgoss í Eyjafjallajökli, sem hófst 14. apríl 2010 og var veitt 117,2 m.kr. af fjárukalögum árið 2010 vegna verkefnisins og á árinu 2011 var millifærð til Vegagerðarinnar 17 m.kr. fjárveiting til lagfæringa á bæjarhlöðum vegna öskufalls. Kostnaður vegna viðgerða og endurbóta á vegum og varnargörðum vegna eldgossins varð hins vegar um 184 m.kr. á árinu 2010 og var stærsti hluti kostnaðar vegna viðgerða og að hluta endurbóta á vegum og varnargörðum við Markarfljót eða rúmar 112 m.kr., rúmar 50 m.kr. vegna endurbyggingar varnargarða við Svadbælisá og um 21 m.kr. vegna hreinsunar á ösku og eðju úr farvegum og af vegum undir Eyjafjöllum. Á árinu 2011 varð kostnaður vegna viðhalds og breytinga á varnargörðum við Markarfljót og vegna eðjuhlaupa í ár undir Eyjafjöllum um 96 m.kr., þar af um 65 m.kr. vegna framburðar á ösku í Svadbælisá. Á árinu 2012 var farvegi Svadbælisár breytt neðan Hringvegur til að koma í veg fyrir uppsöfnun ösku við brúna og gengið frá umhverfi árinna. Kostnaður á árinu 2012 varð um 52 m.kr. Á fjárukalögum 2012 fékkst aukafjárveiting vegna afleiðinga eldgossins í Eyjafjallajökli að upphæð 82,5 m.kr. Kostnaður Vegagerðarinnar vegna eldgossins í Eyjafjallajökli á árunum 2010-2012 er um 332 m.kr. Sérstakar fjárveitingar vegna eldgossins hafa á sama tíma verið 216,7 m.kr. Mismunurinn hefur verið greiddur af vatnaskemmdum.

Viðhald girðinga

Samkvæmt reglugerð nr. 325/1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhalds-kostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Auk þess er Vegagerðinni heimilt samkvæmt 52 gr. vegalaga nr. 80/2007 að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög að kosta viðhald girðinga með einstökum köflum stofn og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafila bönnuð. Kostnaður Vegagerðarinnar á árinu 2012 vegna viðhalds girðinga var tæpar 80 m.kr.

Frágangur gamalla efnisnáma

Fjárveitingu er varið til frágangs á gömlum efnisnánum sem ekki eru lengur í notkun. Samkvæmt langtímaáætlun Vegagerðarinnar um frágang á gömlum efnisnánum, sem unnin var í júní 2004 var gert ráð fyrir að ganga frá um 900 gömlum efnisnánum á tímabilinu 2004-2018, eða um 60 nánum á ári. Fjárveiting til verkefnisins fékkst fyrst á vegáætlun árið 2007. Verkefnið hefur gengið mun hægar en áætlað var og á árunum 2004-2012 hefur verið gengið frá 293 nánum, eða að meðaltali tæplega 33 nánum á ári. Á árinu 2012 var gengið frá 18 nánum. Kostnaður við frágang á gömlum nánum á árinu 2012 var rúmar 23 m.kr. Í árslok 2012 eru á skrá Vegagerðarinnar 542 ófrágengnar námur og þarf því að ganga frá um 90 nánum á ári til að langtímaáætlunin um námufrágang gangi eftir.

Minjar og saga

Fjárveitingu var varið til að greiða kostnað vegna ritunar sögu Vegagerðarinnar 0,2 m.kr. og til endurgerðar brúarinnar á Örnólfsdalsá í Borgarfirði að upphæð 0,7 m.kr. Heildarkostnaður vegna minja og sögu á árinu 2012 var 0,9 m.kr.

4.1.5 STOFNKOSTNAÐUR


Bráðabirgðalán

Engin bráðabirgðalán voru tekin á árinu.

Fjárveitingar til stofnkostnaðar

Fjárveitingar til Vegagerðarinnar samkvæmt fjárlögum og fjárukaalögum 2012 voru alls 17.191,5 m.kr. Þar af voru 6.176 m.kr. ætlaðar til stofnkostnaðar. Af þeirri upphæð eru 75 m.kr. ætlaðar til að mæta afskriftum af mörkuðum tekjum. Í Vegáætlun er gert ráð fyrir 25 m.kr. til jarðganga en samkvæmt fjárlögum kom ekkert fé til jarðgangaáætlunar þannig að þessar 25 m.kr. voru teknar af almennu vegafé.

Á meðfylgjandi súluriti má sjá heildarframlag til stofnkostnaðar á árunum 2002-2012. Upphæðirnar eru á verðlagi ársins 2012.



Stofnkostnaður/framkvæmdir

Í fylgiskjali 1 er sýnd skipting fjárveitinga á einstök verkefni og í fylgiskjali 2 er gerð grein fyrir einstökum framkvæmdum, kostnaði og ráðstöfun fjárveitinga til þeirra, en hér að aftan er gerð grein fyrir kostnaði við nokkra málaflokka sem fá fjárveitingar af liðnum stofnkostnaður/framkvæmdir.

Girðingar

Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum um girðingar. Enn er nokkuð óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 2012 og stöðu þessara mála í árslok. Kostnaður við girðingar á árinu 2012 nam tæpum 52 m.kr.

Svæði	Óafgreitt 1.1.2012		Afgreitt 2012		Nýjar kröfur		Óafgreitt 1.1.2013	
	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.
Suðursvæði	87	2	12	4	14	4	89	2
Suðvestursvæði	0	0	0	0	0	0	0	0
Norðvestursvæði	107	15	19	6	14	7	102	16
Norðaustursvæði	207	0	9	1	5	1	203	0
Samtals	401	17	40	11	33	12	394	18

Landsvegir utan stofnvegakerfis

Fjárveiting til landsvega utan stofnvegakerfis var notuð til þjónustu, viðhalds, og endurbóta á 1.931 km landsvega utan stofnvegakerfis auk 242 km á Fjallabaksleið nyrðri og Sprengisandsleið. Heildarkostnaður við landsvegi á árinu 2012 var um 97 m.kr. Kostnaður skiptist á milli svæða Vegagerðarinnar samkvæmt eftirfarandi töflu.

Svæði	kostnaður í m.kr.
Suðursvæði	31,6
Suðvestursvæði	0,7
Norðvestursvæði	24,9
Norðaustursvæði	39,8
Samtals	97,0

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi.

Suðursvæði

Stærstu verkefni voru vegna lagfæringa á Sprengisandsleið (F26), Lakavegi (F206), Fjallabaksleið nyrðri (F208), Fjallabaksleið syðri (F210), Þórsmerkurvegi (F249) og Emstruleið (F261). Á öðrum landsvegum var um að ræða opnun að vori og heflun.

Suðvestursvæði

Unnið var við heflun á Vigdísarvallavegi (426)

Norðvestursvæði

Stærstu verkefni voru vegna endurbóta og lagfæringa á Arnarvatnsvegi (F578), Haukadalsskarðsvegi (F586), Ófeigsfjarðarvegi (F649), Skagafjarðarleið (F752) og Mælifellsdalsvegi (758). Á öðrum landsvegum var um minni háttar viðhald og lagfæringar að ræða.

Norðaustursvæði

Stærstu verkefni voru vegna endurbóta á Sprengisandsleið (F26), Öskjuleið (F88), Eyjafjarðarleið (F821), Langanesvegi (869), Möðrudalsleið (901), Brúarvegi (F907), Austurleið (F910), Vöðlavíkurvegi (F958) og Jökulvegi (985). Á öðrum landsvegum var um minni háttar viðhald og lagfæringar að ræða.

Héraðsvegir

Við gildistöku vegalaga nr. 80/2007 þann 1. janúar 2008 breyttist kostnaðarhlutdeild Vegagerðarinnar við lagningu nýrra héraðsvega á þann hátt að við lagningu nýs héraðsvegar að íbúðar- eða atvinnuhúsnæði skal skráður eigandi fasteignarinnar greiða helming kostnaðar við vegagerðina, þ.m.t. kaup á landi undir veginn, hönnun, byggingu vegarins og eftirlit með gerð hans, enda skal lega og gerð vegar ákveðin í samráði við hinn skráða eiganda fasteignarinnar. Nýir héraðsvegir (þá safnvegir) sem samþykktir voru fyrir gildistöku laganna eru þó greiddir að fullu af Vegagerðinni. Í samræmi við ofangreint greiddi Vegagerðin tæpa 61 m.kr. til nýrra héraðsvega á árinu 2012 og skiptist sú greiðsla á eftirfarandi hátt á milli svæða Vegagerðarinnar.

Svæði	kostnaður í m.kr.
Suðursvæði	28,6
Suðvestursvæði	1,5
Norðvestursvæði	21,4
Norðaustursvæði	9,3
Samtals	60,8

Styrkvegir

Í vegáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tiltekna samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum. Kostnaður vegna styrkvega á árinu 2012 nam 42,8 m.kr. og skiptist á eftirfarandi hátt á milli svæða Vegagerðarinnar.

Svæði	kostnaður í m.kr.
Sameiginlegur kostnaður	0,3
Suðursvæði	5,0
Suðvestursvæði	0,0
Norðvestursvæði	22,0
Norðaustursvæði	15,5
Samtals	42,8

Reiðvegir

Kostnaður við reiðvegi á árinu 2012 nam 59,9 m.kr. Af þeirri fjárhæð var 4,3 m.kr. varið til endurbóta á einstökum reiðleiðum og 6,1 m.kr. til Landssambands hestamannafélaga vegna reiðvegskráningar en 49,6 m.kr. var skipt af Landssambandi hestamannafélaga til einstakra hestamannafélaga.

Fylgiskjal 1

4.1.6 Stofnkostnaður/Framkvæmdir
Stofn- og tengivegakerfi
Almenn verkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kafalaheiti	Vegáætlun 2012
	Suðursvæði	
	Undirbúningur verka utan áætlunar	60
1	Hringvegur	
x7	um Gljufursá	90
a9	um Dýralæki	100
b2	Múlakvísl	364
d3	hringtorg austan Selfoss	100
d9-e1	vestan Litlu kaffistofunnar	330
35	Biskupstungnabraut	
03	hringtorg við Borg í Grímsnesi	60
06	hringtorg við Reykholt	70
305	Villingaholtsvegur	
02	Gaulverjabæjarvegur-Fljótshólar	150
427	Suðurstrandarvegur	
05-06	Ísólfsskáli-Herdísarvík	112
	Suðvestursvæði	
	Undirbúningur verka utan áætlunar	60
41	Reykjanesbraut	
15	undirgöng við Straumsvík	50
415	Álftanesvegur	
04	Hafnarfjarðarvegur-Bessastaðavegur	550
	Bætt umferðarflæði, almenningsamgöngur	200
	Umferðarstýring á höfuðborgarsvæðinu	50
	Öryggisaðgerðir	150
	Hjóla- og göngustígar	200
	Göngubrýr og undirgöng	100

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 2012
Norðvestursvæði		
	Undirbúningur verka utan áætlunar	60
1	Hringvegur	
g5	um Borgarfjarðarbrú, vegrið	85
50	Borgarfjarðarbraut	
04	um Reykjadalssá	100
60	Vestfjarðavegur	
28	um Skálanes	15
31-33	Eiði-Kjálkafjörður	1.000
39	Dýrafjarðargöng	20
643	Strandavegur	
02	Djúpvegur-Drangnesvegur	368
Norðausturkjördæmi		
85	Norðausturvegur	
40	tenging Vopnafjarðar	150
43	Vopnafjörður-Brunahvammsháls 2. áfangi	235
807	Skíðadalsvegur	
01	Skáldalækur-Brautarhóll	150
94	Borgarfjarðarvegur	
08	Selfljót-Njarðvíkurskriður	100
Sameiginleg verkefni:		
	Sameiginlegur jarðgangakostnaður	5
	Samgöngurannsóknir	20
	Herjólfur	50
	Samtals:	5.214
Stofn- og tengivegakerfi Tengivegir - bundið slitlag (Fjárhæðir í m.kr.)		
	Fjárveiting í vegáætlun	500
	Samtals:	500
Annað en stofn- og tengivegir Héraðsvegir (Fjárhæðir í m.kr.)		
	Fjárveiting í vegáætlun	80
	Samtals:	80

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 2012
	Annað en stofn- og tengivegir Landsvegir utan stofnvegakerfis (Fjárhæðir í m.kr.)	
	Fjárveiting í vegáætlun	100
	Samtals:	100
	Annað en stofn- og tengivegir Styrkvegir (Fjárhæðir í m.kr.)	
	Fjárveiting í vegáætlun	50
	Samtals:	50
	Annað en stofn- og tengivegir Reiðvegir (Fjárhæðir í m.kr.)	
	Fjárveiting í vegáætlun	60
	Samtals:	60
	Annað en stofn- og tengivegir Smábryr (Fjárhæðir í m.kr.)	
	Fjárveiting í vegáætlun	37
	Samtals:	37
	Annað en stofn- og tengivegir Girðingar (Fjárhæðir í m.kr.)	
	Fjárveiting í vegáætlun	60
	Samtals:	60
	Afskriftir markaðra tekna (Fjárhæðir í m.kr.)	
	Fjárveiting í vegáætlun	75
	Samtals:	75
	Stofnkostnaður/Framkvæmdir samtals:	6.176

Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2012

Suðursvæði

1 Hringvegur

b0 um Dýralæki

Umfang verks: Dýralækir á Mýrdals-sandi hafa runnið undir Hringveginn um 5 ræsi með þvermál 2,2 m. Ræsin fluttu ekki nægjanlegt vatnsmagn og hefur flætt yfir veginn á 5-10 ára fresti, auk þess sem sandurinn í vatninu hefur rofið gat á botn ræsanna. Var því ákveðið að ráðast í að setja stærri ræsi í stað þeirra sem fyrir voru og steypa í botn þeirra.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 52 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2009	1
Vegáætlun 2010.....	1
Fjárlög 2011	1
Vegáætlun 2012.....	100
Flutt á önnur verk 2012.....	-46
Samtals	57

Verkfrámvinda: Á árunum 2009 til 2011 var unnið að hönnun og undirbúningi. Framkvæmdir við endurnýjun ræsanna voru boðnar út í júlí 2012. Framkvæmdir hófust seinni hluta september og var lokið við að setja niður öll ræsin og steypa inn í þrjú þeirra fyrir árslok 2012. Ekki tókst að steypa í botn tveggja og verður því lokið 2013.

Verktaki: Bíladrangur ehf. Vík.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2009.....	1
2010.....	1
2011.....	1
2012.....	38
Samtals	41

b2 brú á Múlakvísl

Umfang verks: Bygging nýrrar brúar á Múlakvísl í stað brúar sem tók af í flóðum aðfaranótt 9. júlí 2011, ásamt endurbyggingu á vegi og gerð nýrra varnargarða.

Framkvæmdaform 2012: Samningar.

Kostnaðaráætlun: 1.000 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2011	22
Vegáætlun 2012.....	364
Samtals	386

Verkfrámvinda: Á árinu 2011 var unnið að hönnun og undirbúningi nýrra mannvirkja, rannsóknnum og því að fjarlægja yfirbyggingu gömlu brúarinnar úr farvegi Múlakvíslar. Á árinu 2012 var unnið að áframhaldandi hönnun og rannsóknnum og steypitir staurar undir nýja brú ásamt því að gerð var tilraunavinnsla á grjóti í varnargarða.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2011.....	22
2012.....	139
Samtals	161

d3 hringtorg austan Selfoss

Umfang verks: Gerð hringtorgs á vegamótum Hringvegjar og Gaulverjabæjarvegjar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 100 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2011	1
Vegáætlun 2012.....	100
Flutt á önnur verk 2012.....	-7
Samtals	93

Verkfrámvinda: Verkið var boðið út í júní 2012 og lauk á haustdögum.

Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2011.....	1
2012.....	91
Samtals	92

x7 um Gljúfursá

Umfang verks: Bygging á tvíbreiðri brú á Gljúfursá hjá Fagurhólsmýri í Örafum í stað einbreiðrar brúar frá 1965.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 90 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2011	2
Vegáætlun 2012.....	90
Flutt á önnur verk 2012.....	-16
Samtals	76

Verkfrámvinda: Verkið hófst í maí 2012 og lauk í júlí.

Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2011.....	2
2012.....	74
Samtals	76

33 Gaulverjabæjarvegur

01 Hróarsholtslækur við Bár
Umfang verks: Breikkun og endurbætur á brú á Hróarsholtslæk við bæinn Bár.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 15 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2011	11
Vegáætlun 2012, smábrýr ...	16
Samtals	27

Verkfrámvinda: Verkið hófst í lok nóvember 2011 og lauki snemma árs 2012.

Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2011.....	11
2012.....	16
Samtals	27

34 Eyrarbakkavegur

02 um Stekkakeldu og Markakeldu
Umfang verks: Breikkun og endurbætur á brúm á Stekkakeldu og Markakeldu á Eyrarbakkavegi.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 30 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2012, smábrýr ...	12

Verkfrámvinda: Verkið hófst í lok október 2012 og gert ráð fyrir að því ljúki snemma árs 2013.

Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2012.....	12

35 Biskupstungnabraut

03 hringtorg við Borg

Umfang verks: Gerð hringtorgs á mótum Biskupstungnabrautar og Sólheimavegar, auk stefnugreindra vegamóta við vegamót að skóla og sundlaug. Auk þess sem varhugaverðar tengingar að verslun voru lagfærðar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 73 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2011	1
Vegáætlun 2012.....	60
Flutt af öðrum verkum 2012	13
Samtals	74

Verkfrámvinda: Framkvæmdir voru boðnar út í maí 2012 og hófust þær í lok júlí og lauk í byrjun október.

Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2011.....	1
2012.....	73
Samtals	74

06 hringtorg við Reykholt

Umfang verks: Gerð tveggja hringtorga við Reykholt, annarsvegar við Skólabraut og hinsvegar við Bjarkarbraut. Tengingum við Biskupstungnabraut var fækkað um fjórar til að auka umferðaröryggi, auk þess sem tenging að verslun var gerð öruggari.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 70 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2011	3
Vegáætlun 2012.....	70
Flutt af öðrum verkum 2012	19
Samtals	92

Verkfrámvinda: Verkið var boðið út í mars 2012 og hófust framkvæmdir um miðjan maí og lauk þeim í byrjun september.

Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2011.....	3
2012.....	89
Samtals	92

208 Skaftártunguvegur

01 Hrífunesvegur – Búlandsvegur

Umfang verks: Lögn bundins slitlags á um 1,5 km kafla frá Svínadalsvegi að Tungufljóti.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2011	1
Bráðabirgðalán 2012	7
Samtals	8

Verkfráminda: Árin 2011 og 2012 var fyrst og fremst unnið við mælingar og hönnun en einnig var unnið malarefni í burðarlög og klæðingu.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2011.....	1
2012.....	7
Samtals	8

268 Þingskálavegur

02 Þingskálar – Haukadalur

Umfang verks: Endurbygging og lögn bundins slitlag á rúmlega 5 km langan vegarkafla frá Örylgsstaðamelum að Svínhaga.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 111 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2011	1
Vegáætlun 2012, tengivegir. .	59
Samtals	60

Verkfráminda: Vinnsla efnis í burðarlög úr námu við Svínhaga var boðin út í sérútboði í lok ágúst og hófst í byrjun nóvember og gert ráð fyrir að henni ljúki á fyrstu vikum ársins 2013. Framkvæmdir við uppbyggingu vegarins voru boðnar út í lok október 2012 og gert ráð fyrir að verktaki hefji framkvæmdir í ársbyrjun 2013.

Verktaki: Efnisvinnsla, Þjótandi ehf., Hellu. Vegagerð, Þjótandi ehf., Hellu.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2011.....	1
2012.....	6
Samtals	7

305 Villingaholtsvegur

02 Urriðafossvegur – Fljótshólar

Umfang verks: Uppbygging 2,8 km langs kafla frá Hamarsvegi að Sandbakka.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 91 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2012.....	29
Vegáætlun 2012, viðhaldsfé .	46
Flutt af öðrum verkum 2012	19
Samtals	94

Verkfráminda: Verkið var boðið út í maí 2012. Framkvæmdir hófust í byrjun júlí og lauk þeim seinni hluta september. Á framkvæmdatíma var ákveðið að framlengja kaflann um 1 km að Ferjunesi.

Verktaki: Vörubílstjórafélagið Mjólnir Selfossi.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2012.....	94

03 Fljótshólar – Gaulverjabæjarvegur

Umfang verks: Uppbygging á 5,3 km löngum kafla frá Gaulverjabæjarvegi að Ragnheiðarstöðum.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 135 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2009	2
Vegáætlun 2010.....	3
Fjárlög 2011	1
Vegáætlun 2012.....	121
Samtals	127

Verkfráminda: Á árunum 2009-2011 var unnið að hönnun og undirbúningi. Verkið var boðið út í janúar 2012.

Framkvæmdir hófust í byrjun apríl og lauk í lok ágúst.

Verktaki: Þjótandi ehf., Hellu.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2009.....	2
2010.....	3
2011.....	1
2012.....	121
Samtals	127

359 Bræðratunguvegur

Flúðir – Reykholt

Umfang verks: Nýbygging á 7,2 km löngum vegi milli Flúða og Reykhólts og tengingum við hann og bygging nýrrar brúar á Hvítá.

Framkvæmdaform:

Vega og brúargerð: Útboð.

Niðurrekstur staura: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 1.400 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Skuld frá fyrri áfanga	-1
Vegáætlun 2007.....	80
Vegáætlun 2008.....	203
Breyting 2008	-254
Fjárlög 2009	442
Vegáætlun 2010.....	585
Flutt á önnur verk 2010.....	-104
Fjárlög 2011	185
Flutt af öðrum verkum 2012	23
Samtals	1.159

Verkfrámvinda: Árin 2005 til 2008 var unnið að undirbúningi og hönnun verksins en mat á umhverfisáhrifum fór fram nokkrum árum fyrr. Verkið var boðið út í apríl 2009 og framkvæmdir hófust í lok maí það ár. Framkvæmdir við byggingu brúar hófust í byrjun júlí 2009 og lauk þeim í nóvember 2010. Vegurinn var opnaður fyrir almennri umferð í desember 2010. Klæðing var komin á veginn í ágúst 2011, en vegurinn var formlega opnaður í september 2011. Á árinu 2012 var lokið við endanlegan frágang m.a. seinna lag klæðingar á hluta vegarins og frágang námu.

Verktaki: Vega- og brúargerð: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi. Niðurrekstur staura: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2005.....	2
2006.....	3
2007.....	4
2008.....	19
2009.....	442
2010.....	481
2011.....	185
2012.....	23
Samtals	1.159

365 Lyngdalsheiðarvegur

01 Laugarvatn – Þingvellir

Umfang verks: Nýbygging um 15 km langs vegar milli Laugarvatns og Þingvalla.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 912 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2003.....	100
Vegáætlun 2004.....	50
Vegáætlun 2006.....	103
Vegáætlun 2007.....	50
Vegáætlun 2008.....	381
Breyting 2008	-467
Fjárlög 2009	424
Vegáætlun 2010.....	569
Flutt á önnur verk 2010.....	-19
Fjárlög 2011	37
Flutt af öðrum verkum 2012	4
Samtals	1.232

Verkfrámvinda: Unnið var að hönnun vegarins og mati á umhverfisáhrifum, á árunum 2004 til 2007. Útboð á framkvæmdinni var auglýst í apríl 2008 og hófust framkvæmdir í ágúst 2008. Verktaki lauk verkinu í október 2010 og var vegurinn opnaður formlega 15. október. Á árinu 2011 var lokið við frágang meðfram veginum og næstu ár verður unnið að rannsóknum á ákomu köfnunarefnis á svæðinu í samræmi við skilyrði í mati á umhverfisáhrifum. Kostnaður á árinu 2012 var vegna rannsókna á ákomu köfnunarefnis, vegna áburðargjafar yfir sáningar frá árinu áður og vegna frágangs eldri veltengingar við Gjábakka. Einnig féll til kostnaður

<i>Verkefni:</i>	<i>kostnaður í m.kr.</i>								
	2005	06	07	08	09	10	11	12	samt.
Meðallandsvegur 204-01									
Hringvegur – Fossar	0	0	0	0	2	0	0	0	2
Þórsmerkurvegur 249-01									
Hringvegur – Merkurvegur	0	0	0	0	3	0	0	0	3
Landeyjavegur 252-02									
Bakkavegur – Kanastaðir	0	0	0	1	1	0	0	0	2
Landeyjavegur 252-04									
Akureyjarvegur									
– Grímsstaðavegur	0	0	0	1	1	0	0	0	2
Hagabraut 286-01									
Landvegur – Heiðarbraut	0	0	0	1	5	1	0	0	7
Oddgeirshólavegur 304-01									
Hringvegur									
– Oddgeirshólar	0	0	0	0	1	0	0	0	1
Hamarsvegur 308-01									
Gaulverjabæjarvegur									
– Villingaholtsvegur	0	0	0	0	0	0	1	0	1
Votmúlavegur 310-01									
Jórvík – Nýibær	0	0	0	1	1	0	0	0	2
Langholtsvegur 341-01									
Flúðir – Auðsholtsvegur	0	0	0	0	6	1	1	0	8
Reykjavegur 355-01									
Biskupstungnabraut									
– Laugarvatnsvegur	0	0	0	6	3	1	2	1	13
Samtals	4	57	61	89	135	33	35	13	427

vegna leiðréttinga á verðbótum vegna þóknunar eftirlitsaðila.

Verktaki: Klæðning ehf., Kópavogi og Vélaleiga AP ehf., Reykjanesbæ.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2004.....	5
2005.....	21
2006.....	21
2007.....	22
2008.....	148
2009.....	424
2010.....	550
2011.....	37
2012.....	4
Samtals	1.232

366 Böðmódsstaðavegur

01 Laugarvatnsvegur - Leynir

Umfang verks: Endurbygging 2,3 km af Böðmódsstaðavegi með bundnu slitlagi frá Laugarvatnsvegi að Böðmódsstöðum.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 58 m.kr.

Fjármögnun: *m.kr.*

Fjárlög 2011	1
Vegáætlun 2012, tengivegir. .	58
Samtals	59

Verkfrámvinda: Verkið var boðið út í apríl 2012 og hófust framkvæmdir í byrjun júlí og lauk að mestu í október en eftir er að ganga frá reiðvegi meðfram veginum og reiknað með að því ljúki á fyrri hluta ársins 2013.

Verktaki: Bíladrangur ehf.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2011.....	1
2012.....	48
Samtals	49

427 Suðurstrandarvegur

05-13 Ísólfskáli – Þorlákshafnarvegur
Umfang verks: Nýbygging á um
 49 km löngum vegi á milli Ísólfskála
 og Þorlákshafnar.

Framkvæmdaáform: Útboð.

<i>Kostnaðaráætlun:</i>	<i>m.kr.</i>
Krýsuvíkurvegur	
– Þorlákshafnarvegur	1.320
Ísólfskáli	
– Krýsuvíkurvegur	605
Samtals:	1.925

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Skuld frá fyrri áföngum	-33
Vegáætlun 2008.....	509
Breyting 2008	-390
Fjárlög 2009	1.015
Vegáætlun 2010.....	230
Flutt af öðrum verkum 2010	145
Fjárlög 2011	518
Vegáætlun 2012.....	112
Flutt af öðrum verkum 2012	19
Samtals	2.125

Verkframvinda: Á árunum 2007 og 2008 var unnið að uppgræðslu á söndum vestan Þorlákshafnar, auk þess sem unnið var að undirbúningi fyrir útboð á verkframkvæmd. Framkvæmdir við 34 km langan kafla frá Krýsuvíkurvegi að Þorlákshafnarvegi voru boðnar út í lok júní 2008 og hófust framkvæmdir í desember það ár. Í september 2009 var 14 km kafla milli Selvogs og Þorlákshafnar opnaður fyrir umferð. Á árinu 2010 var lokið við að byggja brú yfir Vogsósa og í september 2010 var rúmlega 7 km kafla frá Selvogi að Herdísarvík opnaður fyrir umferð og lagt á hann fyrri lag klæðingar. Á árinu 2011 var lokið við að leggja fyrri lag klæðingar vestur fyrir Krýsuvíkurveg og ný tenging við Krýsuvíkurveg gerð, auk þess sem seinna lag klæðingar

á framkvæmdakafla frá árinu 2010 var lagt. Í byrjun sumars 2012 var seinna klæðningarlag lagt á kaflann frá Herdísarvík að Krýsuvík og lokið við frágang við Krýsuvíkurveg, auk þess sem haldið var áfram með uppgræðslu á söndunum vestan Þorlákshafnar. Framkvæmdir við um 15 km langan kafla frá Ísólfskála að Krýsuvíkurvegi voru boðnar út í september 2010 og hófust framkvæmdir í lok nóvember mánaðar. Framkvæmdum við þennan kafla lauk að mestu í nóvember 2011 og var þá komið fyrri klæðingarlag á veginn. Seinna klæðingarlag var lagt á veginn í júní 2012 og lokið við endanlegan frágang og uppgjör við verktaka.

Verktaki: Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur. Jarðvinna, KNH ehf., Ísafirði. Efnisvinnsla, Fossvélar ehf., Selfossi. Ísólfskáli - Krýsuvíkurvegur. Suðurverk hf., Hafnarfirði.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2007.....	11
2008.....	75
2009.....	1.015
2010.....	375
2011.....	518
2012.....	131
Samtals	2.125

Suðvestursvæði

1 Hringvegur

e1 sýslumörk – Nesjavallaleið
Umfang verks: Tvöföldun og breikkun Hringvegar á 6,5 km löngum kafla frá Draugahlíðum að Fossvöllum ofan Lögbergsbrekkku. Þar af er um 1 km austast byggður sem 2+1 vegur. Gerð verða reiðgöng undir veginn við Litlu kaffistofuna.

Framkvæmdaform: Tvöföldun og breikkun, útboð. Lagfæring vegamóta við Prengslaveg, samningur.

Kostnaðaráætlun: 1.168 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2009	16
Vegáætlun 2010	430
Flutt á önnur verk 2010.....	-220
Fjárlög 2011	693
Vegáætlun 2012.....	330
Bráðabirgðalán 2012.....	52
Samtals	1.301

Verkfrámvinda: Verkið var boðið út í mars 2010 og tilboð opnuð í lok apríl. Fyrsta val á verktaka var kært og því tafðist að ganga frá samningum og verkið hófst í september 2010. Á árinu 2010 var lokið við fyllingar á stærstum hluta 2+2 kaflans og einnig ekið út neðra burðarlagi og fargi á 2,3 km langan kafla. Á árinu 2011 var lokið við nýja akbraut og umferð hleypt á allan veginn. Á árinu 2012 var ytri öxl eldri akbrautar breikkuð og lagt nýtt yfirlag á hana. Einnig lokið fullnaðarfrágangi gatnamóta, fláa og raskaðra svæða. Útboðsverkinu var að fullu lokið í júlí 2012. Einnig var afrein af Hringvegi inn á Þrengslaveg breikkuð og lagfærð ásamt því að lengja undirgöng við Litlu kaffistofuna.

Verktaki: Tvöföldun og breikkun Hringvegur, Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík. Breikkun afreinar við Þrengslaveg, Loftorka Reykjavík ehf.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2009.....	16
2010.....	210
2011.....	693
2012.....	382
Samtals	1.301

f3 Úlfarsfellsvegur – Reykjavegur
Umfang verks: Tvöföldun Hringvegur frá Skarhólabraut í Mosfellsbæ að Hafravatnsveg.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2008.....	21
Breyting 2008	-6
Fjárlög 2009	24
Vegáætlun 2010.....	65
Flutt á önnur verk 2010.....	-63
Fjárlög 2011	2
Flutt af öðrum verkum 2012	107
Samtals	150

Verkfrámvinda: Á árunum 2008 og 2009 var unnið við hönnun og undirbúning að breikkun Hringvegur milli Skarhólabrautar og Hafravatnsvegur, auk þess sem greiddur var hluti landbóta vegna Blikastaðalands. Á árunum 2010 og 2011 var greiddur lögfræðikostnaður vegna samninga-gerðar um landbætur og á árinu 2012 voru greiddar landbætur samkvæmt úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2008.....	15
2009.....	24
2010.....	2
2011.....	2
2012.....	107
Samtals	150

f3 göngubrú við Krikahverfi

Umfang verks: Bygging göngubrúar yfir Hringveg við Krikahverfi í Mosfellsbæ ásamt gerð göngustíga til tenginga við göngustígakerfi Mosfellsbæjar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 104 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2011	54
Vegáætlun 2012, göngubrúyr .	28
Samtals	82

Verkfrámvinda: Verkið var boðið út í ágúst 2011. Fyrsta val á verktaka var kært og því tafðist að ganga frá samningum og verkið hófst í október. Á árinu 2011 var lokið við að steypa alla stöpla brúarinnar og fylla í göngustíga að henni. Vegna tafa við gerð samnings og óvenju slæmrar tíðar dróst steypa yfirbyggingar og

lokafrágangur til 2012. Brúargólf var steyppt um miðjan janúar 2012 og lokafrágangi skv. útboði og þar með verkinu öllu lauk í apríl 2012. Mosfellsbær annaðist malbikun göngustíga beggja vegna brúarinnar. Verktaki: Eykt ehf., Reykjavík.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2011.....	54
2012.....	28
Samtals	82

Skýringar: Verkið var unnið í samvinnu við Mosfellsbæ.

f5 Þingvallavegur – Brautarholtsvegur
Umfang verks: Umbætur á umferðaröryggi Hringvegarins út frá Reykjavík. Árið 2007 var gerður samningur við Leirvogstungu ehf. og Ístak hf. um byggingu mislægra gatnamóta við Leirvogstungu.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 300 m.kr.

<i>Fjármögnun</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárukalög 2006.....	326
Breyting 2008	-161
Fjárlög 2009	244
Vegáætlun 2010.....	145
Flutt á önnur verk 2010.....	-8
Fjárlög 2011	63
Flutt af öðrum verkum 2012	20
Samtals	629

Verkfráminda: Á árinu 2008 var unnið að bráðabirgðahringtorgi við Leirvogstungu og greiddar bætur fyrir land. Á árinu 2009 hófst bygging mislægu gatnamótanna. Upphafleg verklok voru áætluð í október 2009 en vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu var samið um lengingu verktíma til 1. júlí 2010. Verkinu lauk að mestu á árinu 2010. Kostnaður á árinu 2011 er vegna lokafrágangs og lokauppgjörs við verktaka og landeigendur. Kostnaður á árinu 2012 er greiðsla dráttarvaxta vegna landakaupa samkvæmt dómi Hæstaréttar. Verktaki: Ístak hf., Reykjavík.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2005.....	5
2006.....	1
2007.....	38
2008.....	121
2009.....	244
2010.....	137
2011.....	63
2012.....	20
Samtals	629

41 Reykjanesbraut

15 undirgöng við Straumsvík
Umfang verks: Verkið felst í byggingu ganga undir Reykjanesbraut við Straumsvík og tilheyrandi vegagerð til að tengja Víkurgötu við Reykjanesbraut ásamt endurnýjun og færslu á lögnum.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 305 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2011	36
Vegáætlun 2012.....	50
Vegáætlun 2012	
göngubrýr og undirgöng ..	72
bætt umferðarflæði	82
Samtals	240

Verkfráminda: Verkið var boðið út í október 2011 og tilboð opnuð 15. nóvember. Kostnaður 2011 er vegna hönnunar og undirbúnings. Framkvæmd hófst í janúarlok 2012 og verkinu var að fullu lokið í september. Verktaki: Suðurverk hf., Kópavogi

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2011.....	36
2012.....	204
Samtals	240

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og veitustofnanir.

21 Grænás – Garðskagavegur

Umfang verks: Gerð nýs hringtorgs og undirganga á vegamótum Reykjanesbrautar við Grænásveg/Grænásbraut. Fyrri áfangi framkvæmdarinnar var gerð hringtorgs og seinni áfangi gerð undirganga

norðan við hringtorgið.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: *m.kr.*

Fyrri áfangi, hringtorg 67

Seinni áfangi undirgöng 101

Samtals 168

Fjármögnun: *m.kr.*

Fjárlög 2009 12

Vegáætlun 2010 59

Fjárlög 2011 96

Flutt af öðrum verkum 2012 1

Samtals 168

Verkfrámvinda: Kostnaður árið 2009 er

hönnunar- og undirbúningskostnaður vegna hringtorgs og undirganga.

Á árinu 2010 var einnig unnið við hönnun og undirbúning undirganga.

Framkvæmdir við hringtorg hófust í júlí 2010 og lauk verkinu á árinu.

Á árinu 2011 var lokið uppgjöri við verktaka vegna fyrri áfanga. Vinna

við seinni áfanga hófst í lok apríl og verki var lokið að fullu í október

2011. Kostnaður á árinu 2012 er vegna greiðslu landbóta og lokauppgjors við verktaka.

Verktaki: Fyrri áfangi: Vélaleiga AÐ ehf., Reykjanesbæ. Seinni áfangi:

Skrauta ehf., Hafnarfirði.

Kostnaður: *m.kr.*

2009 12

2010 59

2011 96

2012 1

Samtals 168

Skýringar: Verkið var unnið í samvinnu við Reykjanesbæ og veitustofnanir.

42 Krýsuvíkurvegur

02 Vigdísarvallavegur

– Krýsuvíkirkirkja

03 Krýsuvíkurvegur

– Suðurstrandarvegur

Umfang verks: Styrking og bundið slitlag á hluta Krýsuvíkurvegar.

Framkvæmdaform: Samningar.

Kostnaðaráætlun: *m.kr.*

Áfangi 2011 62

Áfangi 2012 43

Samtals 105

Fjármögnun: *m.kr.*

Fjárlög 2011 64

Vegáætlun 2012

Tengivegir bundið slitlag 28

Bráðabirgðalán 2012 7

Samtals 99

Verkfrámvinda: Fyrsti hluti verksins hófst í ágúst 2011 og lauk að fullu á árinu. Styrktir voru um 2,9 km og lagðir bundnu slitlagi. Á árinu 2012 var unnið við styrkingu og bundið slitlag á um 2,0 km. kafla frá Innra Nýjalandi að klæðingarenda við hverasvæði.

Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar og ýmsir verktakar.

Kostnaður: *m.kr.*

2011 64

2012 35

Samtals 99

415 Álftanesvegur

04 Hafnarfjarðarvegur

– Bessastaðavegur

Umfang verks: Gerð Álftanesveggar á 4 km löngum kafla frá Hafnarfjarðarvegi í Engidal að Bessastaðavegi ásamt mismögum vegamótum í Garðahrauni og tvennum undirgöngum fyrir gangandi vegfarendur.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 930 m.kr.

Fjármögnun: *m.kr.*

Vegáætlun 2012 550

Verkfrámvinda: Verkið var boðið út í ágúst 2012, en ekki var unnt að semja við verktaka vegna kærumála. Kostnaður á árinu 2012 er vegna lokahönnunar og útboðs verksins.

Kostnaður: *m.kr.*

2012 24

Hönnun og undirbúningur verkefna, Suðvestursvæði

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Suðvestursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í vegáætlun.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjármögnun fyrir 2012	510
Vegáætlun 2012.....	16
Samtals	526

<i>Verkefni:</i>	<i>kostnaður í m.kr.</i>								
	2005	06	07	08	09	10	11	12	samt.
Hringvegur 1-e2									
Nesjavallaleið									
– Breiðholtsbraut	0	0	6	23	22	28	6	5	90
Hringvegur 1-f5/f7									
Kjalarnes breikkun	0	5	2	35	20	1	0	0	63
Hafnarfjarðarvegur 40-04									
Vífilsstaðavegur									
– Fjarðarbraut	3	1	1	0	17	10	1	0	33
Reykjanesbraut 41-02									
Faxagata									
– Hafnarfjarðarvegur	3	1	0	0	0	0	0	0	4
Reykjanesbraut 41-14									
Kaldárselsvegur									
– Krýsuvíkurvegur	0	13	8	9	37	59	8	5	139
Reykjanesbraut 41-15									
Fjarðarbraut									
– Vatnsleysustrandarvegur	0	0	0	0	2	3	9	2	16
Reykjanesbraut 41-21									
Grænás – Garðskagavegur	0	0	0	8	1	2	0	0	11
Kjósarskarðsvegur 48-01									
Hvalfjarðarvegur									
– Meðalfellsvegur	0	0	3	19	22	5	0	0	49
Arnarnesvegur 411-05									
Reykjanesbraut – Leirdalur	0	0	0	31	29	0	11	3	74
Arnarnesvegur 411-06									
Rjúpnavegur									
– Breiðholtsbraut	0	0	0	6	1	0	0	0	7
Bláfjallavegur 417-02									
Bláfjallaleið									
– Krýsuvíkurvegur	0	0	0	0	0	2	2	0	4
Vatnsleysustrandarvegur 420-01									
Hringtorg – Vogavegur	0	0	0	0	0	0	1	1	2
Hallsvegur 432-01									
Hringvegur – Höfðabakki	0	0	7	7	3	0	0	0	17
Nesjavallaleið 435-01									
Hafravatnsvegur									
– sýslumörk	0	2	1	1	1	2	0	0	7
Ofanbyggðavegur 480-01									
ofan Hafnarfjarðar	1	8	0	0	0	0	0	0	9
Smærri undirbúningsverkefni	0	0	0	0	0	0	1	0	1
Samtals	7	30	28	139	155	112	39	16	526

Umferðarstýring á höfuðborgarsvæðinu

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2003	20
Vegáætlun 2004	31
Vegáætlun 2005	30
Vegáætlun 2006	21
Breyting 2008	145
Fjárlög 2009	23
Vegáætlun 2010	2
Flutt af öðrum verkum 2010	7
Fjárlög 2011	9
Vegáætlun 2012	50
Samtals	356

Verkframvinda: Á árunum 2004 og 2005 var unnið að útboði á ljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Reykjavíkurborg. Framkvæmdir hófust á árinu 2006 og lauk fyrsta áfanga verksins á árinu 2007. Á árunum 2008 og 2009 var unnið við annan áfanga verksins. Á árinu 2010 var unnið við ýmsan frágang og breytingar á ljósastýringum. Kostnaður á árinu 2011 er vegna uppgjors við birgja og frekari stillingar og frágang á kerfinu. Kostnaður ársins 2012 er að mestu vegna endurnýjunar umferðarljósa á Nýbýlavegi. Einnig var unnið við uppsetningu hraðamyndavéla og lagfæringar á nokkrum gatnamótum.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2004	1
2005	3
2006	76
2007	40
2008	145
2009	23
2010	9
2011	9
2012	35
Samtals	341

Skýringar: Verkið er unnið á vegum Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar.

Bætt umferðarflæði, almenningssamgöngur

Umfang verks: Lagfæringar og endurbætur á gatnamótum á höfuðborgarsvæðinu til að greiða fyrir umferð.

Framkvæmdaform: Útboð.

<i>Fjármögnun</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2009	167
Vegáætlun 2010	172
Flutt af öðrum verkum 2010	25
Fjárlög 2011	185
Vegáætlun 2012	200
Flutt á undirgöng við	
Straumsvík	-82
Samtals	667

Verkframvinda: Á árinu 2009 var unnið að 10 verkefnum á gatnamótum þjóðvega og gatnakerfis Reykjavíkurborgar til að auka umferðarflæði og greiða fyrir umferð almenningssamgöngur. Umsjón verkefnanna var í höndum Reykjavíkurborgar og greiddi Vegagerðin sinn hluta kostnaðar samkvæmt fyrirfram ákveðinni skiptingu milli aðila. Á árinu 2010 var unnið að lokafrágangi og lokauppgjöri vegna verka frá 2009. Að auki bættust við 5 ný verk, þar af eitt í Kópavogi og eitt í Hafnarfirði. Á árinu 2011 var unnið að lokafrágangi og lokauppgjörum verka frá 2010. Þá bættust við 4 ný verk, það stærsta endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarveggar við Álftanesveg og Fjarðarhraun í Engidal. Á árinu 2012 var lokið við framkvæmdir í Engidal sem hófust 2011. Einnig voru gerðar 4 nýjar strætisvagnabíðstöðvar við Hesthál og Úlfarsá. Ýmsar smærri aðgerðir á gatnamótum og hönnun á breytingu aðreinar að Hafnarfjarðarvegi í Fossvogi og strætóreinar á Hafnarfjarðarvegi við Fífuhvamsveg.

Verktaki: Ýmsir verktakar samkvæmt samningum við Reykjavíkurborg og Vegagerðina.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2009.....	167
2010.....	197
2011.....	185
2012.....	101
Samtals	650

Öryggisaðgerðir

Umfang verks: Aðgerðir til að auka umferðaröryggi á umferðarmestu vegunum á þéttbýlissvæðinu á Suðvesturlandi.

Framkvæmdaform: Samningar.

<i>Fjármögnun</i>	<i>m.kr.</i>
Flutt af öðrum verkum 2010	31
Fjárlög 2011	84
Vegáætlun 2012.....	150
Samtals	265

Verkfrámvinda: Unnið var að tveimur verkefnum á árinu 2010, annars vegar uppsetningu vegriða milli akbrauta á Reykjanesbraut frá Bústaðavegi að Breiðholtsbraut og hins vegar uppsetningu vegriðs við rampa á mótum Nesbrautar (Hringbrautar) og Bústaðavegar. Á árinu 2011 var haldið áfram uppsetningu vegriða á Reykjanesbraut milli Bústaðavegar og Breiðholtsbrautar. Einnig voru sett upp vegrið á Nesbraut (Miklubraut) í Ártúnsbrekku og upp fyrir Höfðabakka og sömuleiðis á Vesturlandsvegi frá gatnamótum við Suðurlandsveg til norðurs. Á árinu 2011 voru gerðar lagfæringar á Grindavíkurvegi við innkomu í Grindavíkurbæ í samvinnu við sveitarfélagið og var þeim lokið á árinu 2012. Á árinu 2012 var sett upp miðjuvegrið á um 3,8 km Hringvegar norðan Nesbrautar, um 3,3 km Reykjanesbrautar milli Garðabæjar og Hafnarfjarðar og um 900 m af kantvegriði á Nesbraut í Ártúnsbrekku.

Verktaki: H.K. Haralds sf., Reykjavík.

<i>Kostnaður</i>	<i>m.kr.</i>
2010.....	31
2011.....	84
2012.....	128
Samtals	243

Hjóla- og göngustígar

Umfang verks: Gerð stofnstíga, hjóla- og göngustíga á Höfuðborgarsvæðinu samkvæmt sérstöku samkomulagi við sveitarfélögin um þátttöku Vegagerðarinnar í kostnaði.

Framkvæmdaform: Útboð á vegum sveitarfélaganna.

<i>Fjármögnun</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2012.....	200
Bráðabirgðalán 2012.....	8
Samtals	208

Verkfrámvinda: Stærstu verk sem lokið var við á árinu voru stofnstígur frá Aðaltúni í Mosfellsbæ að Keldnaholti og við Sunnuhlíð í Kópavogi. Einnig lokið við minniháttar stíga í Hafnarfirði og á Seltjarnarnesi. Verk hófst við stofnstíg frá Höfðatúni með Suðurlandsbraut um Vogahverfi að Súðavogi. Einnig hófst framkvæmd við göngubrýr yfir Elliðaárósa. Unnið var við hönnun á ýmsum stígum

Verktaki: Ýmsir verktakar samkvæmt samningum við sveitarfélögin og Vegagerðina.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2012.....	208

Norðvestursvæði

1 Hringvegur

g5 um Borgarfjarðarbrú

Umfang verks: Uppsetning vegriðs og endurröðun grjótvagnar á vegfyllingu beggja vegna Borgarfjarðarbrúar til að auka umferðaröryggi.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 152 m.kr.

<i>Fjármögnun</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2009	1
Vegáætlun 2010.....	1
Fjárlög 2011	3
Vegáætlun 2012.....	85
Flutt af öðrum verkum 2012	67
Samtals	157

Verkfrámvinda: Á árunum 2009-2011 var unnið að undirbúningi og hönnun verksins. Framleiðsla steyptra vegriða var boðin út í janúar 2012 og voru

framleiddir 2.600 m sem voru afhentir í áföngum fram til septemberloka. Verkið var boðið út í maí og hófust framkvæmdir í júlí 2012 og héldu áfram fram á haust. Ekki náðist að klára verkið og frestaðist m.a. yfirlagsmalbikun til næsta vors.

Verktaki: Framleiðsla vegriðseininga, Hraun og sandur ehf., Reykjavík. Vegagerð, Borgarverk ehf., Borgarnesi.

<i>Kostnaður</i>	<i>m.kr.</i>
2009.....	1
2010.....	1
2011.....	3
2012.....	152
Samtals	157

50 Borgarfjarðarbraut

04 um Reykjadalssá

Umfang verks: Bygging nýrrar brúar á Reykjadalssá í stað einbreiðrar brúar frá 1939, nýbygging um 1,8 km langs kafla Borgarfjarðarbrautar og um 0,4 km langs kafla Reykdælavegar.

Framkvæmdaform: vegagerð, útboð.

Bygging brúar, samningur.

Kostnaðaráætlun: 270 m.kr.

<i>Fjármögnun</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2005.....	1
Fjárlög 2009	1
Vegáætlun 2010.....	9
Fjárlög 2011	3
Vegáætlun 2012.....	100
Bráðabirgðalán 2012.....	97
Samtals	211

Verkfrámvinda: Á árunum 2005 og 2009-2011 var unnið að hönnun og undirbúningi verkefnisins. Bygging nýrrar brúar hófst í febrúar 2012 og lauk smíðinni í lok júlí.

Vegagerð var boðin út í ágúst 2012 og hóf verktaki framkvæmdir í lok september. Unnið var að gerð fyllingar og neðra burðarlags og í ræsagerð.

Hlé gert á framkvæmdum eftir miðjan desember. Verklök verða í júlí 2013.

Verktaki: Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð, Borgarverk ehf., Borgarnesi.

<i>Kostnaður</i>	<i>m.kr.</i>
2005.....	1
2009.....	1
2010.....	9
2011.....	3
2012.....	197
Samtals	211

52 Uxahryggjavegur

02 Borgarfjarðarbraut

– Lundarreykjadalssvegur

Umfang verks: Endurbygging á um 6 km löngum kafla með bundnu slitlagi.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 155 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2006.....	1
Vegáætlun 2008.....	1
Fjárlög 2009	5
Vegáætlun 2010.....	1
Fjárlög 2011	11
Vegáætlun 2012	
Tengivegir bundið slitlag ..	134
Bráðabirgðalán 2012.....	7
Samtals	160

Verkfrámvinda: Á árunum 2006-2011 var unnið að hönnun og undirbúningi framkvæmda. Verkið hófst um miðjan apríl 2012 og var lokið í ágúst að undanskildum frágangi á einni námu sem frestast til 2013.

Verktaki: Borgarverk ehf., Borgarnesi

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2006.....	1
2008.....	1
2009.....	5
2010.....	1
2011.....	11
2012.....	141
Samtals	160

54 Snæfellsnesvegur

05 um Haffjarðará

Umfang verks: Bygging 80 m langrar brúar á Haffjarðará í stað einbreiðrar brúar og aðlögun og endurbygging Snæfellsnesvegur að brúnni á um 1 km löngum kafla.

Framkvæmdaform: Brúargerð:

Samningur. Vegagerð: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 375 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Breyting 2008	10
Fjárlög 2009	5
Flutt af öðrum verkum 2010	25
Fjárlög 2011	237
Flutt af öðrum verkum 2012	22
Samtals	299

Verkframingvinda: Á árunum 2006-2009 var unnið að undirbúningi og hönnun verksins. Samið var við vinnuflokk Vegagerðarinnar um byggingu brúarinnar og rif gömlu brúarinnar. Einnig var vinnuflokkurinn fenginn til að lagfæra enn eldri brú sem byggð var 1912 og stendur nokkru neðar á ánni. Vinnuflokkurinn hóf framkvæmdir í desember 2010 og lauk við smíði brúarinnar í júní 2011, en rífi gömlu brúarinnar og endurbótum brúarinnar frá 1912 var frestað til 2012. Verktaki í vegagerð hóf framkvæmdir í maí 2011 og lauk þeim að mestu á árinu. Á árinu 2012 var eldri brú við hlið þeirrar nýju rífin og elsta brúin frá 1912 lagfærð.

Lokið við girðingar á vegsvæðinu.

Verktaki: Brúargerð: Vinnuflokkur

Vegagerðarinnar. Vegagerð:

Borgarverk ehf., Borgarnesi.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2006.....	1
2007.....	3
2008.....	6
2009.....	5
2010.....	25
2011.....	237
2012.....	22
Samtals	299

59 Laxárdalsvegur

01 Höskuldsstaðir – Leiðólfsstaðir

Umfang verks: Endurbygging á um 3,6 km löngum kafla með bundnu slitlagi.

Framkvæmdaform: Útboð.*Kostnaðaráætlun:* 127 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Skuld frá fyrri áfanga	-4
Vegáætlun 2008.....	53
Breyting 2008	-39
Fjárlög 2009	50
Vegáætlun 2010.....	65
Flutt á önnur verk 2010.....	-3
Fjárlög 2011	2
Flutt af öðrum verkum 2012	2
Samtals	126

Verkframingvinda: Á árunum 2007 og 2008 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins. Verkið var boðið út í maí 2009. Verkbyrjun tafðist á árinu 2009 vegna óvissu í efnahagsmálum. Verktaki hóf vinnu síðla árs 2009 og var unnið í fyllingum og ræsalögn fram til áramóta. Lögn klæðingar lauk í ágúst 2010 og verklok hjá verktaka urðu í nóvember. Á árinu 2011 var lokið við uppsetningu á víravegriði, greiddur kostnaður vegna efnistöku og uppgræðslu. Árið 2012 var lagður 1,8 km langur reiðvegur meðfram nýbyggingunni.

Verktaki: Bíladrangur ehf., Vík í Mýrdal.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2007.....	2
2008.....	8
2009.....	50
2010.....	62
2011.....	2
2012.....	2
Samtals	126

60 Vestfjarðavegur

28 Gufudalsvegur – Kleifastaðir
Umfang verks: Ný- og endurlögn á
 2,8 km löngum kafla Vestfjarðavegar
 um Skálanes.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 260 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Flutt af öðrum verkum 2010	1
Fjárlög 2011	152
Vegáætlun 2012	15
Flutt af öðrum verkum 2012	70
Samtals	238

Verkfrávitni: Kostnaður á árinu 2010 er vegna undirbúnings og greiðslu landbóta. Verkið var boðið út í desember 2010. Verktaki hóf vinnu í apríl 2011 og var unnið í skeringum og fyllingum með hléum fram undir áramót. Tafir urðu á verkinu og tókst ekki að ljúka framkvæmdum um haustið og frestast verklok því til næsta árs. Verktaki var lýstur gjaldþrota í janúar 2012. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar var fenginn til að ljúka framkvæmdinni.

Verktaki: KNH ehf., Ísafirði og vinnuflokkur Vegagerðarinnar

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2010	1
2011	152
2012	85
Samtals	238

31 Eiði – Þverá

Umfang verks: Ný- og endurlögn á
 15,9 km löngum kafla Vestfjarðavegar frá Eiði milli Vattarfjarðar og Kerlingarfjarðar að Þverá í Kjálkafirði. Smíði á tveimur brúm, 160 m langri á Mjóafjörð og 116 m langri á Kjálkafjörð.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 3.341 m. kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2009	19
Vegáætlun 2010	31
Fjárlög 2011	84
Vegáætlun 2012	1.000
Samtals	1.134

Verkfrávitni: Á árunum 2009-2011 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins, rannsóknum og mati á umhverfisáhrifum. Verkið var boðið út í febrúar 2012 og hóf verktaki framkvæmdir í byrjun júní með vinnu við gerð hafnaraðstöðu fyrir efnisflutningapramma í Mjóafirði. Siglt var með efni í þverun Mjóafjarðar en efni ekið í þverun Kjálkafjarðar. Einnig unnið að vegagerð út Kjálkafjörð.

Verktaki: Suðurverk ehf., Kópavogi

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2009	19
2010	31
2011	84
2012	396
Samtals	530

33-34 Kjálkafjörður – Vatnsfjörður

Umfang verks: Endurbygging á
 15,9 km kafla frá Þverá í Kjálkafirði að Þingmannaá í Vatnsfirði.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 725 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2008	309
Breyting 2008	-284
Fjárlög 2009	159
Vegáætlun 2010	475
Flutt á önnur verk 2010	-7
Fjárlög 2011	149
Flutt af öðrum verkum 2012	14
Samtals	815

Verkframingvinda: Á árunum 2005-2008 var unnið að hönnun og undirbúningi. Verkið var boðið út í febrúar 2009 og hófst vinna í lok júní. Unnið var með hléum fram undir áramót. Í ágúst 2010 var efra lag klæðingar lagt á allan kaflann. Um áramótin 2010/2011 var samið um verklok við verktaka. Vegagerðin setti sjálf upp vegrið að hluta og Kubbur ehf. lauk síðan uppsetningu. Seinna lag klæðingar var unnið með yfirlögnum á Norðvestursvæði. Á árinu 2012 voru greiddar land- og efnisbætur og gengið frá efnistöku á landi Fossár.

Verktaki: Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2005.....	1
2006.....	2
2007.....	6
2008.....	16
2009.....	159
2010.....	468
2011.....	149
2012.....	14
Samtals	815

39 Dýrafjarðargöng

Umfang verks: Gerð 5,6 km langra jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og bygging á 7,8 km löngum vegarkafli beggja vegna ganganna.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2006.....	22
Vegáætlun 2007.....	7
Vegáætlun 2008.....	17
Fjárlög 2009	60
Vegáætlun 2010.....	23
Fjárlög 2011	3
Vegáætlun 2012.....	20
Flutt á önnur verk 2012.....	-10
Samtals	142

Verkframingvinda: Á árunum 2006-2012 var unnið að rannsóknum, hönnun, mati á umhverfisáhrifum og öðrum undirbúningi verksins.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2006.....	22
2007.....	7
2008.....	17
2009.....	60
2010.....	23
2011.....	2
2012.....	2
Samtals	133

61 Djúpvegur

28-29 Reykjanes – Hörtná

Umfang verks: Lögn á nýjum Djúpvegi frá Raudagarði út á Reykjanes, yfir Reykjafjörð um Sveinhúsanes, Vatnsfjörð, Vatnsfjarðarháls og yfir Mjóafjörð að Hörtná um 14 km vegalengd. Hluti af verkinu eru þrjár brýr, 60 m steinsteypt brú á Reykjafjörð, 10 m steinsteypt brú á Vatnsfjarðarós og 130 m stálbogabrá á Mjóafjörð.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 1.600 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2006.....	134
Vegáætlun 2007.....	413
Vegáætlun 2008.....	483
Breyting 2008	558
Fjárlög 2009	360
Vegáætlun 2010.....	86
Flutt af öðrum verkum 2010	18
Fjárlög 2011	3
Flutt af öðrum verkum 2012	2
Samtals	2.057

Verkframingvinda: Unnið var að hönnun og undirbúningi verksins á árunum 2005 og 2006. Verkið var boðið út í lok nóvember 2006. Framkvæmdir hófust snemma árs 2007 og var unnið allt það ár. Efni í brú á Mjóafjörð var smíðað í Kína og kom á staðinn í lok árs 2007. Árið 2008 var lokið við að byggja brýr á Reykjafjörð og Vatnsfjarðarós. Eins var allt stálvirki brúar á Mjóafjörð komið upp sem og forsteyptar plötur í yfirbyggingu. Á árinu 2009 var yfirbygging brúar steyp, brúin sandblásin og málning lagfærð, einnig sett upp vegrið.

